ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

# Stéttabaráttan



MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 8.tbl. 2.árg. 1973

VERÐ: 30 kr.

## SAMNINGAMAKK ASÍ OG VSÍ

# KJARASKERÐING FYRIR VERKALÝÐINN

Þegar litið er á samningamakk ASÍ og VÍ er nauðsynlegt að hafa hina hraðvaxandi offramleiðslukreppu, sem er í heiminum í dag, til hliðsjónar. Undanfarna mánuði hafa öll helstu einkenni offramleiðslukreppu sýnt sig í hverju auðvaldslandinu á fætur öðru. Vegna hinnar óskipulögðu framleiðslu auðvaldskerfisins, samkeppni eins kapítalistans við annan um gróðann, hafa hinar ýmsu vörutegundir hlaðist upp - framleiðslan hefur farið fram úr eftirspurn. En því er alls ekki þannig varið, að það sé framleitt "of mikið" af brauði, fiski eða fatnaði, heldur er um að ræða ofgnótt vara eingöngu í samanburði við raunverulegar þarfir fjöldans. Þarfir fjöldans minnka ekki við kreppu, heldur verður um stórfelldan niðurskurð á greiðslugetu hins vinnandi fjölda að ræða.

Eins og drepið var á hér að ofan hafa öll einkenni offramleiðslukreppu komið fram á sjónarsviðið í flestum kapítalískum löndum heims. Vörurnar hlaðast upp í skemmunum meðan verkamennirnir hafa minna í sig og á. Kapítalistarnir minnka framleiðsluna og að lokum loka þeir hluta verksmiðjanna.

Þannig er tala atvinnulausra í Hollandi nú þegar 100.000 verkamenn og borgaralegir hagfræðingar spá 75% aukningu í Hollandi á næsta ári. Sænski auðhringurinn Volvo hefur nú þegar minnkað framleiðslu sína um 4% og hefur í bígerð að minnka vinnutíma verkamanna í verksmiðjum Volvo úr 40 stundum í 32 stundir á viku. Þetta eru aðeins tvö dæmi af ótal mörgum, sem hafa komið fram í öllum auðvaldslöndunum. Það er nauðsynlegt að taka fram, að þær tölur, sem borgaralegu stofnanirnar gefa upp um atvinnuleysið eru hreinar falsanir. Þær tölur, sem hér hafa verið nefndar ná aðeins til þeirra verkamanna, sem sagt hefur verið upp af kapítalistunum, ekki til fólks, sem er að koma úr skólum (iðnnemar, gagnfræðingar o.fl.), verkamanna, sem sagt hafa upp, ætlað að fá sér aðra vinnu, orðið veikir o.s.frv. Í öðru lagi er atvinnuleysið dulið með því að loka verksmiðjunum hluta vikunnar og stytta vinnutíma verkafólksins úr 40 klst. niður í 24 til 16 klst. á viku. Þannig eru þúsundir verkamanna hálfatvinnulausir.

Áhrif heimskreppunnar á Ísland.


Það er enginn vafi á því, að áhrifa heimskreppunnar er farið að gæta í æ ríkari mæli á Íslandi. Ísland, eins og öll kapítalísk lönd á tímum heimsvaldastefnunnar, kemst ekki hjá kreppunni. Ísland er sjálfstætt auðvaldsríki og íslenskir auðhringar hafa flutt fjármagn úr landinu til að byggja upp verksmiðjur, verslunarkeðjur o.fl., eiga í bönkum og flugfélögum í Bandaríkjunum, Bretlandi, Luxemburg og fleiri löndum. Það er auðséð að kreppur í þessum löndum hafa geypileg áhrif á gróða íslensku auðhringanna. Áhrif, sem að lokum eru afgerandi fyrir framleiðsluna.

Það má segja, að skuttogarakaup íslenska auðvaldsins hafi verið fyrstu merki heimskreppunnar á Íslandi. Orsök kaupanna á hinu mikla magni skuttogara er sem hér segir:

Lögmál lækkandi gróðahlutfalls (þ.e. auðmaðurinn er farinn að festa meira fé í föstu auðmagni, vélum, hráefni og öðru slíku) er farið að gæta. Mikið auðmagn hefur farið í t.d. verksmiðjur í Bretlandi og USA. Fyrsta örvæntingarfulla tilraun auðvaldsins til að losna undan þessu miskunnarlausa lögmáli auðvaldsþjóð-

FRAMHALD Á BAKSÍÐU





Hér sjást nokkrir af hinum sjálfkölluðu baráttumönnum verkalýðsstéttarinnar. Þessir svikarar standa nú öllum stundum í samningamakki við kapítalistanna og vinna með þeim að hrottalegri árás á lífskjör verkafólks í landinu. Og forseti ASÍ, Snorri Jónsson, lýsir nýlega yfir hrifningu sinni með kauplækkunarsamninga BSRB við ríkisvaldið og lýsir yfir "stuðningi við láglaunastefnuna." Sífellt afhjúpa þessir verkalýðsóvinir betur þjónustu sína við auðvaldið og að þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta með þeim, sem standa í ósættanlegri mótsögn við hagsmuni þorra verkalýðsstéttarinnar. Baráttan gegn auðvaldinu verður óhjákvæmilega að standa gegn þessum fulltrúum þeirra inna verkalýðshreyfingarinnar einnig. Niður með hina svikulu verkalýðsforystu! Lifi sjálfstæð skipulagning verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar! STÉTT GEGN STÉTT!

## Kjaraskerðingaráform ÍSAL

Um þessar mundir stendur yfir samningamakk forráðamanna ÍSALS og fulltrúa þeirra verkalýðsfélaga, sem aðild eiga að kjarasamningi við ÍSAL. "Kröfur" verkalýðsfélaganna á hendur ÍSAL eru mjög óverulegar, en þar er hvergi gert ráð fyrir beinni kauphækkun, heldur er aðeins um að ræða smávægilega hækkun á vaktaálagi, starfsaldurshækkanir, hækkun tryggingarupphæða, fækkun vinnustunda, fjölgun frídaga o.s.frv. o.s.frv.

"Kröfurnar" þýða gífurlega kjaraskerðingu.

Í raun og veru þýða þessar "kröfur" gífurlega kjaraskerðingu, því á komandi mánuðum má gera ráð fyrir stórauknum hækkunum á vöruverði vegna sívaxandi kreppu auðvaldsins, sem nú þegar er farin að segja verulega til sín í Evrópu og Norðurlöndunum. Þessu er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir í "kröfum" verkalýðsfélaganna, enda er "verkalýðsforystan" ekkert annað en handbendi borgarastéttarinnar innan verkalýðshreyfingarinnar, mútuþægir embættismenn, sem sífellt reyna að halda verkalýðnum niðri með því að beina allri baráttu hans inn á brautir baráttu fyrir krónu meir eða minna, en hylma algjörlega yfir pólitískt markmið verkalýðsstéttarinnar - afnám auðvaldsskipulagsins og uppbyggingu sósíalismans.

Auk sameiginlegra krafa verkalýðsfélaganna eru svo nokkrar fáránlegar sérkröfur, sem allar miða að smávægilegum endurbótum, s.s. aukin fatnað, bættri vinnuaðstöðu o.þ.h. Í þessum sérkröfum verkalýðsfélaganna er hvergi farið fram á að komið verði í veg fyrir atvinnusjúkdóma, sem gert hafa vart við sig í Straumsvík, né síendurtekin vinnuslys og jafnvel dauða. Að sjálfsögðu þegir auðvaldið, ásamt "verkalýðsforystunni", yfir raunverulegum orsökum þessara atvinnusjúkdóma og vinnuslysa, er eiga rætur að rekja til framleiðsluháttanna. Eina sjónarmið kapítalistanna er að komast yfir hámarksgróða, að arðræna og kúga verkalýðinn miskunnarlaust. Það skiptir þá engu máli hvort einn eða fleiri verkamenn bíði varanlegt tjón eða deyji við framleiðsluna, því gróðinn er það eina, sem skiptir þá máli.

Kauplækkunartillögur ÍSALS.

Í heiminum í dag er um að ræða offramleiðslu á áli; vörurnar hlaðast upp í skemmunum, þar sem enginn markaður finnst fyrir þær. Þetta hefur í för með sér lækkandi gróðahlutfall einokunarkapítalistanna. Þegar kapítalistinn sér gróða sinn minnka hlýtur hann óhjákvæmilega að herða tökin á verkalýðnum með því að lækka kaup hans og auka vinnuálagið. Það er í ljósi þessara staðreynda, sem við verðum að skoða gagntillögur ÍSALS, sem allar miða að stórfelldum kauplækkunum og auknu vinnuálagi. Sem dæmi má nefna "5% kauplækkun hjá iðnaðarmönnum með 3. ára sveinsbréf", lækkun vaktaálaga, stytting matar- og kaffitíma og síðast en ekki síst þessi óheyrilega krafa: "3 fyrstu veikindadagar verði ekki greiddir, nema veikindi standi í tvær vikur."

Ástæðan fyrir því, að ÍSAL líðst að koma fram með svo heiftarleg kauplækkunaráform er sú, að verkamenn hafa glatað því eina vopni, sem þeir hafa gagnvart verksmiðjueigendunum - verkfallsréttinum. Verkalýðsforystan hefur í samráði við ríkisvaldið stolið þessu eina vopni úr höndum verkalýðsins. Hann stendur því uppi

Framh. bls. 3

## HEIMSKREPPA AUÐVALDSINS „OLÍUSKORTURINN"

Í byrjun síðasta áratugs og fram á miðjan þann áratug náði tæknibylting auðvaldsins hámarki sínu. Hinar gífurlegu framfarir og framleiðsluaukning, sem áttu sér stað, jók ægivald einokunarhringjanna, -samsteypanna og bankahringjanna meira en dæmi er um áður. Heimsmarkaður auðvaldsins, sem eftir seinna uppskiptastríðið sýndi upplausnartilhneigingar í auknum mæli, náði sér tímabilsbundið á strik aftur, eftir að sósíalisminn beið ósigur í USSR og hinn víðlendi markaður A-Evrópu blakkarinnar opnaðist fyrir fjárfestingum auðvaldshringjanna að nýju. En þetta var aðeins hrossalækning, meðal sem dró úr upplausnartilhneigingunum smá tíma, aðeins til að slá þeim á frest og endurvekja þær síðan í enn víðtækari og djúpstæðari mæli. Áttundi áratugurinn ber vott um að staðfestu- og blómatímabili auðvaldsheimsins sé lokið í bili, allar innri mótsetningar auðvaldskerfisins hafa skerpst til muna og leitt af sér að ný uppskipting heimsins er framundan.

Í gervöllum auðvaldsheiminum er offramleiðsla þegar fyrir hendi. Hún kemur ekki enn fram í kreppu, heldur sem dulin kreppa, sem þá og þegar getur brotist út. Hún hefur þegar brotist út í einstökum greinum auðvaldsframleiðslunnar og innan einstakra hluta heimsauðvaldsins, en hún er enn ekki orðin að alyfirtækri heimskreppu sem leiðir af sér langvarandi stöðnun í iðnaði og framleiðslu í líkingu við heimskreppuna í byrjun 4. áratugsins. Orsakirnar eru margar. Í örvæntingarfullum tilraunum til að koma í veg fyrir

frh. á baksíðu

## KSML sella stofnuð á Akureyri



Árangur af námsstarfi stuðningsmanna KSML á Akureyri hefur nú hlotið staðfestingu í stofnun sellu á staðnum. Sellan hefur hafið undirbúning að stofnun Akureyradeildar KSML af fullum krafti. Á vegum sellunnar starfar nú stuðningshópur og á næstunni fer af stað námshópur - sala á blöðum og bæklingum KSML hefur gengið mjög vel. Myndin sýnir félaga og stuðningsmann KSML við sölu á Stéttabaráttunni.

hh

## MENNTASKÓLANEMAR NOTAÐIR TIL VERKFALLSBROTA

Eins og Stéttabaráttan hefur áður skýrt frá, hafa orðið mörg verkföll í höfninni á Akureyri. Alls hafa verkamennirnir gripið 6 sinnum til vinnustöðvana, seinast 26. nóv. Í því verkfalli (og reyndar einnig í 7. nóv. verkfallinu) fengu atvinnurekendur menntaskólanema til að vinna við uppskipun - og þannig aðstoða við að brjóta baráttu verkamannanna á bak aftur. Það sýnir hversu afturhaldssamir þessir mennskælingar eru, að þeir skuli beint hjálpa borgurunum gegn verkalýðnum. En borgararnir eiga fleiri hjálparhellur. Samkvæmt yfirlýsingu verkfallsbrjótanna var aðgerð þeirra í samráði við forystulið verkalýðsfélagsins Einingar. Verkfallsbrjótarnir hafa lýst því yfir, að þeir séu í "fullum rétti" þar sem aðgerðir verkamannanna séu "ólöglegar".

Leið ólöglegu verkfallanna er eina leiðin fyrir verkalýðinn í dag til að ná fram kjarabótum. Þeir sem beint eða óbeint vinna gegn baráttu verkalýðsins eru því handbendi borgarastéttarinnar - hvort sem þeir sitja á skólabekk eða á skrifstofu Einingar.

Akureyrarsella KSML gaf út dreifirit í tilefni þessa, þar sem flett var ofan af þjónustu verkfallsbrjótanna við borgaranna. Við birtum hér lista með nöfnum verkfallsbrjótanna í þeim tilgangi að brennimerkja þá sem handbendi auðvaldsins:

Ásbjörn Dagbjartsson
Ásgeir Böðvarsson
Bjartmar Pétursson
Geirfinnur Jónsson
Gunnar Stefánsson
Magnús Vestmann
Pálmi Vilhjálmsson
Sigfús Haraldsson
Stefán Jóhannsson
Þorvaldur Þórðarson
Steinþór Þráinsson

Við skorum á alla skólanema að berjast gegn öllum tilraunur borgaranna til að fá verkfallsbrjóta úr röðum skólafólks (svo sem tilraunir flugfélaganna til að eyðileggja verkfall flugfreyja með hjálp stúdenta).

hh

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!
LIFI MARXISMINN-LENINISMINN HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

STÉTTABARÁTTAN 8. tbl.
20. desember, 1973.
Útgefandi:Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Rvk.
Ritstj.og ábm.:Hjálmtýr Heiðdal.

Að undanförnu hefur herstöðvamálið svokallaða verið nokkuð til umræðu. Ekki er langt síðan "Samtök herstöðvaandstæðinga" voru sett á laggirnar. Lítið hefur farið fyrir þeim samtökum eftir að þau voru stofnuð með tilheyrandi heitstrengingum. Það nýjasta sem gerst hefur í málinu eru hátíðarhöld stúdenta 1. des. s.l. í tilefni fullveldisafmælis íslensku borgarastéttarinnar.
Afstaða KSML til herstöðvamálsins hefur verið sú frá upphafi, að baráttan gegn NATO aðild og herstöðvum verði að standa á grundvelli öreigastéttarinnar. En afstaða okkar hefur ekki verið fullmótuð fram að þessu - í málflutningi okkar hefur komið fram smáborgaraleg afstaða (sjá ramma hér við hliðina), sem átti rót sína að rekja til ónógrar rannsóknar. Þessi hægri-frávik náðu þó aldrei það langt, að þau hefðu áhrif á stefnu samtakanna í málinu.

# LEIÐARI:

# BARÁTTAN GEGN NATO VERÐUR AÐ STANDA Á GRUNDVELLI VERKALÝÐSSTÉTTARINNAR

Í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu eru þrjár stéttir; borgarastétt, öreigastétt og smáborgarastétt, sem stendur á milli hinna tveggja höfuðstétta. Í herstöðvamálinu hafa komið fram þrjár stéttarafstöður - í fyrsta lagi afstaða borgarastéttarinnar, í öðru lagi afstaða smáborgarastéttarinnar og í þriðja lagi byltingarsinnuð afstaða öreigastéttarinnar.

## AFSTAÐA BORGARASTÉTTARINNAR.

NATO var stofnað í þeim tilgangi að berjast gegn sósíalismanum. Kemur þetta m.a. skýrt fram í ályktun Atlantshafsráðsins frá 6. maí, 1956:

> "Fyrir sjö árum gerðu Atlantshafsríkin með sér Norður-Atlantshafssáttmálann sökum þeirrar hættu, er sameiginlegum hugsjónum þeirra og menningu stóð af kommúnismanum."

Hugsjónum og menningu borgarastéttarinnar stafa vissulega hætta frá kommúnismanum, sem stefnir að því að binda endi á arðrán sömu stéttar. NATO er því skjaldborg til verndar kúgunar- og arðránsstéttum heimsvaldalandanna - og á þessum grundvelli gerðist íslenska borgarastéttin aðili að bandalaginu.

Íslensku borgararnir náðu staðfestingu á fullveldi sínu með sambandslögunum frá 1. des. 1918 - eftir langa baráttu gegn danska nýlenduveldinu. Þar með hlaut hún sjálfsákvörðunarrétt og tók forystuna í arðráninu á íslenskum öreigum. Hún byggði upp eigið ríkisvald til að halda stéttardrottnun sinni og kom sér upp eigin lögreglu til að framfylgja kúgunartökum sínum.

Þátttaka íslensku borgarastéttarinnar í NATO er gerð af frjálsum vilja og í fullu samræmi við stéttareðli hennar. Hversu vel fer á með stéttarbræðrunum í bandalaginu má marka af ummælum Bjarna Benediktssonar:

> "Allt tal um framsal íslensks sjálfsákvörðunar-réttar til erlendra herforingja er út í bláinn. Úrslitaákvörðunin í Atlantshafsráðinu er í höndum utanríkisráðherranna, en ekki undirmanna þeirra, hvorki herforingja né annarra, svo að umsögnin verður á ábyrgð stjórnmálamannanna, en ekki sérfræðinganna."
> (Varnarmálin, bæklingur frá 1956, bls. 32).

Fullveldi íslensku borgarastéttarinnar var í engu skert við inngönguna í NATO, þeir hafa tekið þátt í störfum bandalagsins sem jafningjar annarra arðránsstétta til varnar "sameiginlegum hugsjónum og menningu". Í stað þess að leggja fram herafla, sem hefði verið þeim efnahagslega ofviða, lögðu íslensku arðræningjarnir fram land undir njósnastöðvar.

Í þeim tilgangi að blekkja almenning í landinu til fylgis við aðildina var þyrlað upp miklu moldviðri um nauðsynina á vörnum landsins í viðsjárverðum heimi, en öllum, sem hugsa málið óbrjáluðum huga, er vel ljóst, að varnarmáttur herstöðvarinnar í Keflavík er á algjöru núllmarki.
Hin fræga "rússagrýla", sem var notuð til þess að sýna fram á landvarnarþörfina, er stórkostleg blekking, þar sem Sovétríkin, sem höfðu beðið mikið manntjón í styrjöldinni, og stríðshrjáð alþýða Austur-Evrópu höfðu ekki hinn minnsta áhuga á né ástæðu til að ráðast gegn nágrönnum sínum í vestri.

## SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN.

Sjálfstæðisflokkurinn er fulltrúi borgarastéttarinnar og færir fram afstöðu hennar í þessu máli, þar af leiðandi hefur flokkurinn ekkert að fela og kemur fram sem opinber málsvari þeirrar stefnu, að Íslandi beri að vera í NATO og leggja fram sitt í baráttunni við alheimskommúnismann með því að hafa hér eftirlitsstöðina í Keflavík.

## FRAMSÓKNARFLOKKURINN.

Framsóknarflokkurinn hefur verið tvístígandi í afstöðunni til veru hersins hérlendis. Flokkurinn stóð að öllum þeim samningum, sem hafa verið gerðir um veru erlends hers og aðildina að NATO. Einn helsti forustumaður flokksins, Jónas Jónsson, var mikill talsmaður "herverndar" Bandaríkjanna. Hann gaf út blaðið "Landvörn" (1946), þar sem hann sagði m.a.:

> "Kjósendur landsins geta enn bjargað framtíð þjóðarinnar með því að knýja frambjóðendur borgaraflokkanna til að heita því að... hefja við Bandaríkin skipulegar viðræður um landvarnarmál Íslands."
> (1. árg., 5. tbl.)

Eysteinn Jónsson sagði þann 14. des. 1953:

> "Sameiginlegar varnarráðstafanir allra lýðræðisríkjanna draga úr ófriðarhættu."

Í þeim tilgangi að réttlæta afstöðu sína í herstöðvamálinu gerðist Tíminn ákafur boðandi "landvarnarkenningarinnar":

> "Óvarið Ísland gæti beinlínis orðið til þess, að styrjöld væri hafin."
> (21. apríl, 1953).

En forusta flokksins hefur ekki alltaf litið þannig á málið - bæði í kosningunum 1956 og nú '71 hefur flokkurinn biðlað til kjósenda undir því yfirskyni að hann myndi sjá til þess, að herinn fari af landinu. En um efndirnar þarf ekki að fjölyrða.

Orsakir þessa tvískinnungs er sá, að Framsóknarflokkurinn er flokkur einokunarauðvalds (SÍS), sem byggir atkvæðafylgi sitt á smáborgurum til sjávar og sveita. Þannig hefur flokksforustan talið hentugt að setja fram "herinn burt" kröfuna í kosningunum 1956 - en í þessum kosningum bauð Þjóðvarnarflokkurinn fram. Sá flokkur hafði það eitt mála á sinni stefnuskrá að vernda íslenska menningu og forusta Framsóknar hefur talið hættu á atkvæðatapi til flokksins (reyndar tapaði Framsókn 2,4% til Þjóðvarnarflokksins).

## ALÞÝÐUFLOKKURINN.

Flokkurinn hefur alla tíð verið gjallarhorn auðvaldsins. Þau ítök, sem flokkurinn hafði meðal verkalýðsins notaði hann dyggilega til að efla áhrif borgarastéttarinnar innan raða verkalýðsins. Forystumenn flokksins, s.s. Stefán Jóh. Stefánsson hafa verið eitilharðir talsmenn "vestrænnar samvinnu" - þeir hafa gengið fram fyrir skjöldu í baráttunni gegn sósíalismanum og afstaða þeirra í herstöðvamálinu byggir á blindu kommúnistahatri. Flokkurinn er í alheimssamtökum sósíalfasista og "sósíalsvikara", Socialist International, sem eru rotnandi leifar II. Alþjóðasambandsins.

## AFSTAÐA SMÁBORGARANNA.

Smáborgaralegu sósíalistarnir, með Einar Olgeirsson í broddi fylkingar, hafa blásið í herlúðra gegn "bandaríska valdinu á Íslandi". Í þeim hrærigraut sem settur hefur verið á borð sem "rök" fyrir málflutningi þeirra kennir margra grasa. Þeir segja beinum orðum að Ísland sé hernumið:

> "Fyrsta leppstjórn Ameríkana var mynduð á Íslandi 4. febr. 1947."
> "Ameríska auðvaldið hefur kúgað þjóðina og arðrænt hana síðan það náði tökum á efnahag hennar og stjórnmálum."
> "Byssustingir Bandaríkjahers voru komnir til að taka við af blekkingum Alþýðuflokksins, Íhalds og Framsóknar."
> (Úr bæklingi Sósíalistaflokksins, "Hverjum getur þú treyst í sjálfstæðismálinu", 1953).

Hér er ekki neinum blöðum um það að fletta, landið er nýlenda Bandaríkjanna með leppstjórn sem stýrir nýlendunni fyrir herrana, en það sem er sérstakt með "hernám" smáborgaralegu sósíalistanna er það, að því má aflétta með kosningum:

> "Ef þeir kjósendur, sem hingað til hafa kosið Íhaldið, Framsókn og Alþýðuflokkinn... rísa upp og mótmæla yfirgangi amerísks auðvalds á Íslandi með því að kjósa Sósíalistaflokkinn, þá er valdi þessara leppa lokið."
> (Sama rit).

Þetta er einsdæmi í mannkynssögunni: "kúguð þjóð" gengur til kosninga og losar sig þar með við kúgarana, sem meira að segja hafa staðsett herlið í landinu. Þetta eru dæmi um þær svívirðilegu blekkingar, sem "sósíalistarnir" beittu fyrir sig. Þessir svikarar við málstað verkalýðsins gerðu allt til þess að teyma öreigastéttina frá stéttabaráttunni inn á þingræðisbrautir borgaranna.

Önnur kenning gengur út á, að "hernámsflokkarnir" (þ.e. fulltrúar bor borgarastéttarinnar á þingi) hafi sjálfviljugir gengist yfirráðum Bandaríkjanna á hönd. Íslensku borgararnir hafi samið með kurt og pí af sér eigið sjálfsforræði - svo einfalt er það. Hinar fáránlegu ásakanir Sósíalistaflokksins á hendur borgarastéttinni um landráð byggjast á þeirri ósk smáborgaranna, að borgarastéttin bindi ekki trúss sitt við hernaðarveldi. Krafa smáborgaranna um að íslenska borgarastéttin sé hlutlaus í baráttunni gegn sósíalismanum sýnir hversu fjarri Sósíalistaflokkurinn stóð hagsmunum verkalýðsins.

Enn ein kenningasmíð smáborgaralegu sósíalistanna gengur út á það að íslenska borgarastéttin sé háð bandarísku hervaldi til þess að geta viðhaldið völdum sínum hér. Þessi kenning er tiltölulega ný af nálinni og á sér aðallega talsmenn meðal stúdenta sem þykjast hafa djúpan skilning á öllum þráðum "hernámsins". Gestur Guðmundsson segir í 1. des. blaði stúdenta 1972:

> "Í alla staði verður dvöl bandaríska hernámsliðsins hér á landi til þess að efla áhrif Bandaríkjanna í landinu og baktryggir um leið völd íslensku auðstéttarinnar og erlent fjármagn hérlendis." (undirstr. okkar)

Þessi talsmaður hins "óháða" auðvalds lokar augunum fyrir þeirri staðreynd, að íslenska auðvaldið hefur í áratugi ráðið landinu eitt, án erlends hers, án aðildar að hernaðarbandalögum, og var þó stéttabaráttan töluvert hatrammari en nú er. Staðreyndin er sú, að borgarastéttin er sjálfri sér næg, hvað varðar kúgunartæki, hún hefur lögregluliðið og landhelgisgæsluna, einnig varaliðið, sem kveða má út með stuttum fyrirvara, eins og sýndi sig 1949, þegar rætt var um NATO-aðildina á Alþingi. Einnig kom þetta í ljós við heimsókn Nixons og Pompidús; þá voru kvaddar út sveitir, sem töldu nokkur hundruð manns og hlutu þjálfun í kylfusveiflum.

## "ÞJÓÐFRELSISHETJURNAR"

Þjóðrembingsáróður smáborgaralegu sósíalistanna er beinn stuðningur við borgarastéttina, þar sem hann leitast við að villa verkalýðnum sýn. Þessir íslenskustu Íslendingar beita öllum klækjum til að geta tryggt sér fáein þingsæti, blása til "þjóðfrelsisbaráttu" gegn "erlendum kúgurum" þegar hinn raunverulegi óvinur er innlend borgarastétt. Í þessu felast hin svívirðilegu svik þjóðrembingssósíalistanna - þeir eru sósíalistar í orði, en þjóðernissinnar á borði.

Undir þessa pólitík heyrir allt brölt "fullveldisstúdentanna", afstaða þeirra er afstaða "þjóðfrelsisbaráttumannanna" sem blekkja verkalýðinn til fylgis við innlent auðvald undir yfirskyni baráttu gegn "erlendu auðvaldi" og "leppum þess". Mikill er "marxismi" þeirra kappa - mikil er hetjulund þeirra að snúa bakhlutanum í baráttuna og beina geirum sínum í afleiðingarnar en ekki orsökina!
Hvaða augum líta svo þessir Don Quijotar nútímans heimsvaldastefnuna? Jú, auðvitað sem erlenda auðhringa og erlent hervald. Alltaf er þáttur innlendu borgarastéttarinnar gerður fátæklegur - hún hefur verið flekuð til fylgis við myrkraöflin. Í málflutningi "þjóðfrelsishetjanna" er innlent auðvald varla til, og ef það tórir einhverstaðar, þá er það sem umboðsaðili fyrir erlent hringaauðvald.

## "SMÁNARBLETTURINN"

> "Herseta á íslenskri grund er smánarblettur, í senn á okkar ástkæra landi og þeim mönnum sem innleiddu hersetuna, vegna aðgerða þeirra í þjónkunarskyni við erlent stórveldi. Við viljum þurrka smánarblettinn af landinu og krefjast þess að herinn verði látinn hverfa á brott..."
> (Úr "Keflavíkurgangan", riti á vegum samtaka hernámsandstæðinga).

Þetta er barátta smáborgaranna í hnotskurn "Þvoum smánarblettinn, herinn burt! Ísland fyrir Íslendinga alla." (Úr ræðu Magnúsar Kjartanssonar í Keflavíkurgöngunni 1960)!

Viðleitni smáborgarastéttarinnar til þess að "betrumbæta" auðvaldsþjóðfélagið og draumar þeirra um einokunarlaust auðvald koma fram í þessari "landhreinsunar og þjóðfrelsisstefnu" þeirra. Öll þeirra "barátta" gegn hernum og NATO hefur farið fram undir merkjum þjóðrembings.

## BYLTINGARSINNUÐ AFSTAÐA ÖREIGASTÉTTARINNAR

Gegn öllum kenningum smáborgaranna um "hernám" landsins og ósjálfstæði íslensku borgarastéttarinnar - gegn öllum áróðri borgarastéttarinnar um "vörn fósturjarðarinnar" stendur byltingarsinnuð afstaða öreigastéttarinnar. Kommúnistasamtökin m-l eru einu byltingarsamtökin á Íslandi og þannig þau einu sem færa fram afstöðu öreigastéttarinnar í þessu máli.

Við afneitum öllum kenningum smáborgaranna um hernám, en bendum á að það er vilji íslensku borgarastéttarinnar að berjast gegn sósíalismanum - þess vegna taka þeir þátt í NATO sem er stofnað í þeim tilgangi. Vera bandaríska hersins er framlag þeirra til þeirrar baráttu. Íslenska borgarastéttin ræður öllum undirstöðugreinum framleiðslukerfisins hér á landi, hún hefur full stjórnarfarsleg réttindi og hefur ekki afsalað sér neinum þeirra í hendur "hernámsliðsins".

Við afneitum öllum kenningum sem lúta að því að íslenska borgarastéttin sé háð bandaríska hernum til þess að geta haldið völdum. Íslenska borgarastéttin hefur ríkt í marga áratugi án þess að vera í hernaðarbandalögum, án þess að hér væri erlendur her til þess að "baktryggja" völd hennar. Í rauninni er það þannig, að kúgunartæki íslensku borgaranna er nægilega sterkt við þær aðstæður sem ríkja og hafa ríkt til þessa. Völdum borgarastéttarinnar hefur aldrei verið ógnað að neinu marki þar sem verkalýðurinn hefur ekki verið færi um að fylgja eftir því ástandi sem skapast hefur. Sem dæmi má nefna árið 1932; þá barðist verkalýðurinn í návígi við lögregluna - en sú barátta var engin úrslitabarátta þar sem verkalýðurinn treysti á svikara eins og Héðinn Valdimarsson en hélt ekki á braut byltingarinnar.

Stéttin var ekki skipulögð til baráttu undir kommúnískri forystu. Það er rangfærsla að halda því fram að íslensk borgarastétt sé veikburða - líkt og smáborgararnir halda fram í Neista; samkvæmt þeirra "útskýringum" nægir að "einangra" íslensku borgarastéttina frá erlendum stéttarbræðrum. (Sjá t.d. Neista 7. tbl. '72). Með þessari kenningu segja þeir, að smáborgaralega baráttan fyrir útsögn úr NATO - barátta sem ekki er tengd baráttunni gegn sjálfum völdum borgarastéttarinnar, sé framsýn barátta.

Við, kommúnistar, erum þeirrar skoðunar að öll sú barátta, sem ekki beinist að markmiði öreigastéttarinnar - sósíalísku byltingunni - þjóni hlutlægt borgarastéttinni. Sú barátta vinnur ekki að því að safna verkalýðnum til áhlaups gegn völdum borgarastéttarinnar, sú barátta afvegaleiðir og þreytir verkalýðinn!

Við höldum því fram að eina leiðin til þess að berjast gegn veru Íslands í NATO sé sú, að ráðast gegn völdum íslensku borgarastéttarinnar. Baráttan gegn NATO verður að byggja á alþjóðahyggju öreiganna. Með því að búast til atlögu gegn íslensku auðvaldi, sem er einn hlekkurinn í keðju heimsvaldastefnunnar, gegnir íslenskur verkalýður alþjóðlegri skyldu sinni við verkalýð annarra landa.

Án byltingarsinnaðrar leiðsagnar verður ekki um byltingarhreyfingu að ræða. ÞESS VEGNA ER ÞAÐ EINA RÉTTA LEIÐIN TIL ÞESS AÐ BERJAST, AÐ BYGGJA UPP FRAMVÖRÐ VERKALÝÐSSTÉTTARINNAR - KOMMÚNISTAFLOKK!

Við skorum á alla sem í rauninni vilja berjast gegn innlendu og erlendu auðvaldi að ganga í námshring hjá KSML og taka þátt í uppbyggingu kommúnistaflokks. Byltingarsinnað námsstarf er alþjóðahyggja öreiganna í verki!

"Alþýðan slær í gegn". Þessi mynd er táknræn fyrir alla stefnu "hernáms"- og "herstöðvaandstæðinga" - hnefi í fánalitum íslensku borgarastéttarinnar, landið í fánalit bandarísku borgarastéttarinnar. Þjóðrembingur smáborgaranna er sérlega skýrt túlkaður í þessari mynd.
(Mynd úr 1. des. blaðinu 1973).




"Hreinsum landið", krafa stúdenta 1. des. '72. Smáborgaraleg viðhorf þeirra krefjast þess, að íslenska auðvaldsþjóðfélagið sé hreinsað af "óhugnaði" erlends auðvalds og erlends hervalds.
(Mynd úr 1. des. blaðinu 1972).

LOPPA DOLLARAVALDSINS LÆSIR SIG UM ÍSLAND

LEYSIÐ ÍSLAND ÚR HELGREIPUM ÞESSA VALDS 28. JÚNÍ!

"Leppar" ameríska valdsins sjást hér með augum "sósíalistanna", sem svo hatrammir vilja vernda allt, sem "íslenskt" er - þeir vilja jafnvel vernda íslensku borgarastéttina frá sínum eigin "barnaskap". Kenningin: íslenska borgarastéttin er viljalaust verkfæri bandarísku auðhringanna, kemur hér skýrt fram.
(Mynd úr bæklingnum "Dollaravaldið", útg. Sósíalistaflokkurinn.)

HERINN BURT

"Sjálfstæðisbaráttu smáþjóðar lýkur aldrei." - Þetta var eitt af kjörorðum stúdenta 1. des. s.l. Nú er Jón Sigurðsson kominn í spilið, hann, sem var leiðandi í baráttu hinnar ungu borgarastéttar gegn danska nýlenduvaldinu verður að hefja aðra umferð. Hinir nýfrjálsu íslensku borgarar eru ekki fyrr lausir undan Dönum en þeir ganga sjálfviljugir undir vald "risans í vestri". "Hvað er þá orðið okkar starf í sex hundruð sumur?"
( Mynd úr Rétti nr. 2, 1973).



Keflavíkurganga undir íslenska fánanum. Tákn borgarastéttarinnar, sem hún tók upp, þegar henni tókst að sigra danska nýlenduveldið. "Hernámsandstæðingarnir" eru íslenskastir allra Íslendinga. Baráttan beinist að því að "betrumbæta" íslenska auðvaldsþjóðfélagið.
(Mynd úr Dagfara, málgagni "Herstöðvaandstæðinga").

Hernámsflokkarnir þrír.
ÞAÐ SEM ÞEIR VILJA:
Ísland ofurselt amerísku hervaldi

"Vilji" íslensku borgarastéttarinnar í túlkun smáborgaralegu sósíalistanna. Borgararnir kjósa að afsala sér sjálfsákvörðunarrétti sínum í hendur bandaríska auðvaldsins. Íslensku borgararnir viljalausir fáráðlingar, sem vita ekkert betra en erlenda kúgun á þjóðinni - sannkallaðir svikarar við málstað þjóðarinnar.
Mynd úr bæklingnum "Hverjum getur þú treyst í sjálfstæðismálinu?", útg. Sósíalistaflokkurinn, '53).

# Röng afstaða KSML til NATO

Afstaða KSML til NATO og herstöðvamálsins hefur verið röng í tveimur meginatriðum. Í upphafi tilveru samtakanna var tekin afstaða á smáborgaralegum þjóðernisgrunni - alþjóðahyggja öreiganna mótaði ekki afstöðu okkar. Þessi villa - þar sem "þjóðfrelsi" og sjálfsákvörðunarréttur voru í fyrirrúmi - er leifar af þeim hentistefnuarfi, sem KSML fékk frá smáborgaralegum "vinstri" hreyfingum hér á landi. Villan kom fram m.a. í þeirri fullyrðingu, að íslensk alþýða hafi orðið að sjá á bak sjálfsákvörðunarrétti sínum 1949.
Í Rauða Fánanum nr. 1, 1972, segir:

> "Þannig varð líka um Ísland. Höfuðmóthverfan varð nú milli heimsvaldastefnunnar, sem bjóst til stríðs gegn sósíalismanum, og alþýðu landsins sem varð að sjá af sjálfsákvörðuninni vegna hagsmuna heimsvaldalandanna."

Hin villan hefur komið fram sem vanmat á kúgunarmætti íslensku borgarastéttarinnar. Það hefur villt um fyrir mörgum, að á Íslandi er ekki fastaher (þ.e. her, sem er stöðugt undir vopnum).
Þess vegna hafa skotið upp kollinum hugmyndir um "vanmátt" hérlendrar borgarastéttar til að verja hendur sínar og tryggja völd sín. Í Stéttabaráttunni 3. tbl. '73 var þetta túlkað þannig:

> "Í ákefð sinni að koma Íslandi í NATO og baktryggja þannig auðvaldið gegn harðnandi stéttabaráttu."

Í 75. grein stjórnarskrárinnar segir:

> "Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt í lögum."

Hér er það skýrt, að í rauninni getur borgarastéttin, með einu pennastriki, komið á fót her. Þannig er íslenskur her, sem hefur sama hlutverk og aðrir borgaralegir herir, að verja völd borgarastéttarinnar, í rauninni fyrir hendi. Það sem skilur hann frá öðrum herjum er, að hann er ekki standandi her - að hann er ekki fastaher - ekki undir vopnum eða í herþjálfun í dag.

# SMÁBORGARALEG MYNDLIST

Einn liður í herferð smáborgaralegu sósíalistanna kringum 1. des. var að troða upp með pólitíska myndlistarsýningu hjá SÚM. Og sú sýning var vissulega pólitísk, en pólitíkin, sem þar var færð fram á ekkert skylt við byltingarsinnaðan málstað verkalýðsins og baráttu hans. Þar veður þjóðrembingurinn uppi og kallað er á verkalýðinn til stéttasamvinnu við auðvaldið vegna þess að þjóðin öll eigi í baráttu við sameiginlegan óvin - NATO/USA.

"Hinir virðulegu háskólaborgarar, er standa að sýningunni" (Mbl. 15.12.), urðu heldur en ekki ruglaðir og taugaveiklaðir, þegar einn listamaðurinn, sem átti myndir á sýningunni, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, félagi í KSML, krafðist þess að myndir sínar yrðu teknar niður, eftir að ljóst var hvers eðlis sýningin var og gagnbyltingarsinnað markmið hennar. Brugðust þeir hart við og reyndu ýmist með fortölum og lygum að fá Guðmund ofan af þessari ætlun sinni, en árangurslaust.

Ástæðan fyrir því, að þessu smáborgarahyski, sem treður upp með þjóðrembingsmyndlist sína í SÚM, er svo í mun að klófesta og hengja upp myndir kommúnísks listamanns, er einfaldlega sú, að þeir verða undir fölsku yfirskyni að pretta þjóðernispólitík sinni inn á verkalýðinn. Þetta er sú aðferð, sem smáborgarar allra tegunda nota til að reyna að dylja rotna pólitík sína. Þeir reyna á kostnað byltingaraflanna og í nafni þeirra að breiða út þá kenningu, að:

> "Sú vísa er aldrei of oft kveðin, að sjálfstæðisbaráttu smáþjóðar lýkur aldrei."
> (Þjóðviljinn 1. des. '73, undirstr. okkar).

Með þessari pólitík sinni básúna þeir út sameiningu verkalýðsstéttarinnar með borgarastéttinni á þjóðernislegum grundvelli, þeim sama grundvelli og var leiðarljós Þýskalands Hitlers, Ítalíu Mussolinis og Bandaríkja Nixons.

Þessi þjóðrembingspólitík gengur öll út á það, að skipuleggja hluta verkalýðsins fyrir markmið borgarastéttarinnar gegn verkalýðsstéttinni og efla alræði borgarastéttarinnar um "aldur og ævi".

Félagar úr KSML taka niður verk Guðmundar Ármanns af sýningu SÚM.

Gagnbyltingarsinnarnir þegja yfir því:

- að sjálfstæðisbaráttu Íslands sem kúgaðrar þjóðar lauk 1. des. 1918. Þá fékk íslenska borgarastéttin sjálfsákvörðunarrétt sinn til að kúga og arðræna verkalýð Íslands.
- að fyrir dyrum er skipulagning verkalýðsstéttarinnar fyrir frelsis- og sjálfstæðisbaráttu sinni gegn gjörvöllum kapítalismanum.
- að verkalýðsstéttin getur aðeins orðið frjáls með því að vinna sigur á borgarastéttinni með sósíalískri byltingu og stofnsetja alræði öreiganna.

## Listin er stéttbundin.

"Í heimi nútímans tilheyrir öll menning, allar bókmenntir og listir ákveðnum stéttum og er samtvinnuð ákveðnum, pólitískum sjónarmiðum. Það er í raun og veru ekkert til, sem heitir listin listarinnar vegna, list, sem stendur ofar stéttum - eða list, sem er laus frá og óháð pólitíkinni."
(Mao Tsetung, Ræða um bókmenntir og listir í Yenan, 1942).

Í bréfi til forráðamanna sýningarinnar í SÚM gerir Guðmundur grein fyrir þeim ástæðum, að hann tekur ekki þátt í sýningunni, hann segir m.a.:

> "Sú pólitík sem fullkomlega er ráðandi á sýningunni er ekki pólitík, sem túlkar hagsmuni verka-

FRAMHALD AF FORSÍÐU:

# „OLÍUSKORTURINN"

kreppuna, hefur auðvaldið í æ meira mæli gripið til þess eina ráðs, sem það hefur, að velta henni yfir á herðar verkalýðsins. Þannig hafa raunlaun verkalýðsins í öllum löndum heimsins lækkað til muna undanfarin ár, samtímis því, sem vöruverð hefur stigið upp úr öllu valdi. Verksmiðjur eru víða erlendis reknar hálfa vikuna eða lokað að fullu. Á sviði alþjóðaverslunar hefur gjaldeyriskreppan þegar dýpkað verulega og verslunarhöft og einokunartollar hafa tekið við af hinni frjálsu verslun eftirstríðsáranna. Hérlendis heyrast þær raddir æ oftar að nú verði að koma í veg fyrir kauphækkun verkalýðsins til að atvinnuvegirnir geti borið sig, útgerðarmenn gráta yfir skertum gróðamöguleikum og iðnaðurinn rambar á barmi erfiðleikanna. Borgaralegir hagfræðingar og smáborgaralegir umbótasinnar, sem reynt hafa að útskýra þessa örðugleika auðvaldsins, grípa æ oftar til röksemdafærslu, sem er ætlað að dylja þær innri mótsetningar auðvaldsframleiðslunnar, sem orsakað hafa kreppuna, nefnilega orkukreppurnar. Þeir taka undir með olíuauðhringjunum og fullvissa verkamenn um að olíuskortur sé yfirvofandi, um leið og þeir áminna verkalýðinn í föðurlegum tón um að sýna skilning á þessu sameiginlega vandamáli alls þjóðfélagsins og alls heimsins. Verkamenn eiga að hætta kaupkröfum sínum, hætta að kynda hús sín, taka atvinnuleysi eða hálfri vinnu með þögn og skilningi, allt til að þjóðarbúskapurinn beri sig. Þjóðarbúskapurinn er hagsmunir auðvaldsins og ekki verkalýðsins. Þess vegna hefur sósíalfasisminn í verkalýðshreyfingum Evrópu og víðar fengið það hlutverk æ meir, að sannfæra verkamenn um að kaupgjaldsbarátta þeirra gegn auðvaldinu sé óæskileg og stefni atvinnuvegunum í voða, verkamenn valdi eigin atvinnuleysi með því að krefjast hærri launa. Eitt af þeim vopnum, sem sósíalfasistarnir grípa til er lygasaga um olíuskortinn, lygasaga sem er ætlað að gera Arabaríkin ábyrg fyrir óleysanlegum móthverfum auðvaldskerfisins, sem ber með sér kreppur, atvinnuleysi og styrjaldir.

## Er olíukreppan til? - Eða er hún lygasaga auðvaldsins?

Hvað segja raunsæir talsmenn borgarastéttarinnar um þessi mál? Óttast þeir heimsendi af völdum olíuskorts? Síður en svo. Í bandaríska auðvaldsritinu US News&World Report segir, að næg olía sé í USA sjálfu sem myndi geta fullnægt orkuþörf USA næstu 60 árin miðað við sömu breidd framleiðslunnar, ef hún væri nýtt. Efnahagssérfræðingur tímaritsins Wall Street Journal fullyrðir, að hægt yrði að nýta þessar olíulindir, ef og aðeins ef verðið á olíu myndi hækka sem svarar 40%. En svo lengi sem möguleikarnir fyrir að fá ódýrari olíu frá Arabaríkjunum eða Venesuela eru fyrir hendi, hvarflar ekki að olíuhringjunum að hefja nýtingu á þessum auðlindum.
Hins vegar er verðhækkun á olíu án þess að vinnslukostnaður hennar hækki, það sem heimsvaldasinnarnir álíta ákjósanlegast. Þess vegna hafa "18 risafyrirtæki hreinlega komið af stað sögusögnum um að olíuskortur sé yfirvofandi, eingöngu í þeim tilgangi að auka gróða sinn", að því er bandaríska tímaritið Christian Science Monitor segir í leiðaragrein. Þess vegna hafa USA nú þegar hafið undirbúning styrjaldar gegn olíuríkjunum í V-Asíu, þar sem hagkvæmara er fyrir olíuhringana að tryggja afnot sín af olíulindum þessara landa með vopnavaldi, en að greiða mikinn stofnkostnað til að koma á fót sambærilegri olíuvinnslu í USA sjálfum. USA hefur þegar látið úrvalssveitir sínar hefja þjálfun í eyðimerkurhernaði í stað frumskógahernaðar eins og beitt var í Víetnam.

Gróusagan um olíuskortinn sem yfirvofandi sé og leiða muni af sér hrun hinna vestrænu velferðarríkja, er búin til í þeim eina tilgangi að réttlæta verðhækkun á olíu til að auka enn frekar gróða olíuauðhringanna.

## Olíuskömmtun Araba - framvís aðgerð.

Burtséð frá afturhaldssömum tilgangi stjórna Arabaríkjanna þjónar olíuskömmtun þeirra óneitanlega framsínum tilgangi. Annars vegar eru þeir að slá skjaldborg um þjóðlegan rétt sinn til að nýta að eigin vild auðlindir sínar og hins vegar þjóna þeir, hlutlægt séð, byltingaröflum heims-

FRAMHALD AF FORSÍÐU

# ÍSAL...

varnarlaus. Allt hjálpast að: eigendur ÍSALS, verkalýðsforystan og ríkisvaldið, sem er aðili að Álverksmiðjunni.

## Aðaltrúnaðarmaðurinn afhjúpar svik sín við verkamennina.

Hérna í Straumsvík hafa verkamennirnir kosið Örn Friðriksson sem aðaltrúnaðarmann. Í tillögum að breytingum á kjarasamningi við ÍSAL, sem samdar eru af trúnaðarmönnum og aðaltrúnaðarmanni er ein af kröfunum þessi:

> "Aðaltrúnaðarmaður hefur ekki vinnuskyldu við önnur störf, en þau sem snúa að málefnum verkafólks á staðnum."

Kempan úr Sósíalistafélagi Reykjavíkur, Örn Friðriksson, fer þarna fram á að vera alla daga á skrifstofunni, sem ÍSAL hefur látið honum í té. Þessi "róttæki" umbótasinni hyggst nú klifra uppí verkalýðsaðalinn, hvar hann getur dyggilega þjónað auðvaldsherrunum í því að svíkja og blekkja verkamennina. Þar með hefur þessi gervisósíalisti afhjúpað sig gjörsamlega og sest til borðs með hinum stéttsvikurunum.

## Ólöglegt verkfall: eina leiðin til varnar.

Verkamenn í Straumsvík! Eina leiðin fyrir okkur er að við skipuleggjum okkur sjálfstætt, án þátttöku endurbótasinnana í verkalýðsfélögunum, því þeir munu svíkja okkur! Við verðum að treysta á eigin krafta í baráttunni gegn kauplækkunum og ofsóknum atvinnurekendanna! Eina vopnið til að verjast þessum kjaraskerðingum er verkfallsbarátta, þrátt fyrir að slíkt verkfall sé ólöglegt. Jafnframt verðum við ávallt að hafa hugfast, að kjarabætur verða aldrei varanlegar í þessu þjóðfélagi. Okkur er nauðsynlegt að skipuleggjast í pólitísku baráttunni með því að mynda byltingarsinnaðan verkalýðsflokk - kommúnistaflokk - sem fær verði um að hafa á hendi leiðsögn í stéttabaráttu verkalýðsins á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Hundsum kratabroddana í verkalýðsfélögunum! Tökum málin í eigin hendur! Ólöglegt verkfall er eina leiðin!

KSMLfélagar í Straumsvík.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!
LIFI MARXISMINN-LENINISMINN HUGSUN MAOS TSE TUNGS!

**Stéttabaráttan**

STÉTTABARÁTTAN 8. tbl.
20. desember, 1973.
Útgefandi:Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Rvk.
Ritstj.og ábm.:Hjálmtýr Heiðdal.

Að undanförnu hefur herstöðvamálið svokallaða verið nokkuð til umræðu. Ekki er langt síðan "Samtök herstöðvaandstæðinga" voru sett á laggirnar. Lítið hefur farið fyrir þeim samtökum eftir að þau voru stofnuð með tilheyrandi heitstrengingum. Það nýjasta sem gerst hefur í málinu eru hátíðarhöld stúdenta 1. des. s.l. í tilefni fullveldisafmælis íslensku borgarastéttarinnar.
Afstaða KSML til herstöðvamálsins hefur verið sú frá upphafi, að baráttan gegn NATO aðild og herstöðvum verði að standa á grundvelli öreigastéttarinnar. En afstaða okkar hefur ekki verið fullmótuð fram að þessu - í málflutningi okkar hefur komið fram smáborgaraleg afstaða (sjá ramma hér við hliðina), sem átti rót sína að rekja til ónógrar rannsóknar. Þessi hægri-frávik náðu þó aldrei það langt, að þau hefðu áhrif á stefnu samtakanna í málinu.

# BARÁTTAN GEGN NATO VERÐUR AÐ STANDA Á GRUNDVELLI VERKALÝÐSSTÉTTARINNAR

## LEIÐARI:

Í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu eru þrjár stéttir; borgarastétt, öreigastétt og smáborgarastétt, sem stendur á milli hinna tveggja höfuðstétta. Í herstöðvamálinu hafa komið fram þrjár stéttarafstöður - í fyrsta lagi afstaða borgarastéttarinnar, í öðru lagi afstaða smáborgarastéttarinnar og í þriðja lagi byltingarsinnuð afstaða öreigastéttarinnar.

### AFSTAÐA BORGARASTÉTTARINNAR.

NATO var stofnað í þeim tilgangi að berjast gegn sósíalismanum. Kemur þetta m.a. skýrt fram í ályktun Atlantshafsráðsins frá 6. maí, 1956:

"Fyrir sjö árum gerðu Atlantshafsríkin með sér Norður-Atlantshafssáttmálann sökum þeirrar hættu, er sameiginlegum hugsjónum þeirra og menningu stóð af kommúnismanum."

Hugsjónum og menningu borgarastéttarinnar stafa vissulega hætta frá kommúnismanum, sem stefnir að því að binda endi á arðrán sömu stéttar. NATO er því skjaldborg til verndar kúgunar- og arðránsstéttum heimsvaldalandanna - og á þessum grundvelli gerðist íslenska borgarastéttin aðili að bandalaginu.

Íslensku borgararnir náðu staðfestingu á fullveldi sínu með sambandslögunum frá 1. des. 1918 - eftir langa baráttu gegn danska nýlenduveldinu. Þar með hlaut hún sjálfsákvörðunarrétt og tók forystuna í arðráninu á íslenskum öreigum. Hún byggði upp eigið ríkisvald til að halda stéttardrottnun sinni og kom sér upp eigin lögreglu til að framfylgja kúgunartökum sínum.

Þátttaka íslensku borgarastéttarinnar í NATO er gerð af frjálsum vilja og í fullu samræmi við stéttareðli hennar. Hversu vel fer á með stéttarbræðrunum í bandalaginu má marka af ummælum Bjarna Benediktssonar:

"Allt tal um framsal íslensks sjálfsákvörðunar-réttar til erlendra herforingja er út í bláinn. Úrslitaákvörðunin í Atlantshafsráðinu er í höndum utanríkisráðherranna, en ekki undirmanna þeirra, hvorki herforingja né annarra, svo að umsögnin verður á ábyrgð stjórnmálamannanna, en ekki sérfræðinganna."
(Varnarmálin, bæklingur frá 1956, bls. 32).

Fullveldi íslensku borgarastéttarinnar var í engu skert við inngönguna í NATO, þeir hafa tekið þátt í störfum bandalagsins sem jafningjar annarra arðránsstétta til varnar "sameiginlegum hugsjónum og menningu". Í stað þess að leggja fram herafla, sem hefði verið þeim efnahagslega ofviða, lögðu íslensku arðræningjarnir fram land undir njósnastöðvar.

Í þeim tilgangi að blekkja almenning í landinu til fylgis við aðildina var þyrlað upp miklu moldviðri um nauðsynina á vörnum landsins í viðsjárverðum heimi, en öllum, sem hugsa málið óbrjáluðum huga, er vel ljóst, að varnarmáttur herstöðvarinnar í Keflavík er á algjöru núllmarki.
Hin fræga "rússagrýla", sem var notuð til þess að sýna fram á landvarnarþörfina, er stórkostleg blekking, þar sem Sovétríkin, sem höfðu beðið mikið manntjón í styrjöldinni, og stríðshrjáð alþýða Austur-Evrópu höfðu ekki hinn minnsta áhuga á né ástæðu til að ráðast gegn nágrönnum sínum í vestri.

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN.

Sjálfstæðisflokkurinn er fulltrúi borgarastéttarinnar og færir fram afstöðu hennar í þessu máli, þar af leiðandi hefur flokkurinn ekkert að fela og kemur fram sem opinber málsvari þeirrar stefnu, að Íslandi beri að vera í NATO og leggja fram sitt í baráttunni við alheimskommúnismann með því að hafa hér eftirlitsstöðina í Keflavík.

### FRAMSÓKNARFLOKKURINN.

Framsóknarflokkurinn hefur verið tvístígandi í afstöðunni til veru hersins hérlendis. Flokkurinn stóð að öllum þeim samningum, sem hafa verið gerðir um veru erlends hers og aðildina að NATO. Einn helsti forustumaður flokksins, Jónas Jónsson, var mikill talsmaður "herverndar" Bandaríkjanna. Hann gaf út blaðið "Landvörn" (1946), þar sem hann sagði m.a.:

"Kjósendur landsins geta enn bjargað framtíð þjóðarinnar með því að knýja frambjóðendur borgaraflokkanna til að heita því að... hefja við Bandaríkin skipulegar viðræður um landvarnarmál Íslands."
(1. árg., 5. tbl.)

Eysteinn Jónsson sagði þann 14. des. 1953:

"Sameiginlegar varnarráðstafanir allra lýðræðisríkjanna draga úr ófriðarhættu."

Í þeim tilgangi að réttlæta afstöðu sína í herstöðvamálinu gerðist Tíminn ákafur boðandi "landvarnarkenningarinnar":

"Óvarið Ísland gæti beinlínis orðið til þess, að styrjöld væri hafin."
(21. apríl, 1953).

En forusta flokksins hefur ekki alltaf litið þannig á málið - bæði í kosningunum 1956 og nú ´71 hefur flokkurinn biðlað til kjósenda undir því yfirskyni að hann myndi sjá til þess, að herinn fari af landinu. En um efndirnar þarf ekki að fjölyrða.

Orsakir þessa tvískinnungs er sá, að Framsóknarflokkurinn er flokkur einokunarauðvalds (SÍS), sem byggir atkvæðafylgi sitt á smáborgurum til sjávar og sveita. Þannig hefur flokksforustan talið hentugt að setja fram "herinn burt" kröfuna í kosningunum 1956 - en í þessum kosningum bauð Þjóðvarnarflokkurinn fram. Sá flokkur hafði það eitt mála á sinni stefnuskrá að vernda íslenska menningu og forusta Framsóknar hefur talið hættu á atkvæðatapi til flokksins (reyndar tapaði Framsókn 2,4% til Þjóðvarnarflokksins).

### ALÞÝÐUFLOKKURINN.

Flokkurinn hefur alla tíð verið gjallarhorn auðvaldsins. Þau ítök, sem flokkurinn hafði meðal verkalýðsins notaði hann dyggilega til að efla áhrif borgarastéttarinnar innan raða verkalýðsins. Forystumenn flokksins, s.s. Stefán Jóh. Stefánsson hafa verið eitilharðir talsmenn "vestrænnar samvinnu" - þeir hafa gengið fram fyrir skjöldu í baráttunni gegn sósíalismanum og afstaða þeirra í herstöðvamálinu byggir á blindu kommúnistahatri. Flokkurinn er í alheimssamtökum sósíalfasista og "sósíalsvikara", Socialist International, sem eru rotnandi leifar II. Alþjóðasambandsins.

### AFSTAÐA SMÁBORGARANNA.

Smáborgaralegu sósíalistarnir, með Einar Olgeirsson í broddi fylkingar, hafa blásið í herlúðra gegn "bandaríska valdinu á Íslandi". Í þeim hrærigraut sem settur hefur verið á borð sem "rök" fyrir málflutningi þeirra kennir margra grasa. Þeir segja beinum orðum að Ísland sé hernumið:

"Fyrsta leppstjórn Ameríkana var mynduð á Íslandi 4. febr. 1947."
"Ameríska auðvaldið hefur kúgað þjóðina og arðrænt hana síðan það náði tökum á efnahag hennar og stjórnmálum."
"Byssustingir Bandaríkjahers voru komnir til að taka við af blekkingum Alþýðuflokksins, Íhalds og Framsóknar."
(Úr bæklingi Sósíalistaflokksins, "Hverjum getur þú treyst í sjálfstæðismálinu", 1953).

Hér er ekki neinum blöðum um það að fletta, landið er nýlenda Bandaríkjanna með leppstjórn sem stýrir nýlendunni fyrir herrana, en það sem er sérstakt með "hernám" smáborgaralegu sósíalistanna er það, að því má aflétta með kosningum:

"Ef þeir kjósendur, sem hingað til hafa kosið Íhaldið, Framsókn og Alþýðuflokkinn... rísa upp og mótmæla yfirgangi amerísks auðvalds á Íslandi með því að kjósa Sósíalistaflokkinn, þá er valdi þessara leppa lokið."
(Sama rit).

Þetta er einsdæmi í mannkynssögunni: "kúguð þjóð" gengur til kosninga og losar sig þar með við kúgarana, sem meira að segja hafa staðsett herlið í landinu. Þetta eru dæmi um þær svívirðilegu blekkingar, sem "sósíalistarnir" beittu fyrir sig. Þessir svikarar við málstað verkalýðsins gerðu allt til þess að teyma öreigastéttina frá stéttabaráttunni inn á þingræðisbrautir borgaranna.

Önnur kenning gengur út á, að "hernámsflokkarnir" (þ.e. fulltrúar bor borgarastéttarinnar á þingi) hafi sjálfviljugir gengist yfirráðum Bandaríkjanna á hönd. Íslensku borgararnir hafi samið með kurt og pí af sér eigið sjálfsforræði - svo einfalt er það. Hinar fáránlegu ásakanir Sósíalistaflokksins á hendur borgarastéttinni um landráð byggjast á þeirri ósk smáborgaranna, að borgarastéttin bindi ekki trúss sitt við hernaðarveldi. Krafa smáborgaranna um að íslenska borgarastéttin sé hlutlaus í baráttunni gegn sósíalismanum sýnir hversu fjarri Sósíalistaflokkurinn stóð hagsmunum verkalýðsins.

Enn ein kenningasmíð smáborgaralegu sósíalistanna gengur út á það að íslenska borgarastéttin sé háð bandarísku hervaldi til þess að geta viðhaldið völdum sínum hér. Þessi kenning er tiltölulega ný af nálinni og á sér aðallega talsmenn meðal stúdenta sem þykjast hafa djúpan skilning á öllum þráðum "hernámsins". Gestur Guðmundsson segir í 1. des. blaði stúdenta 1972:

"Í alla staði verður dvöl bandaríska hernámsliðsins hér á landi til þess að efla áhrif Bandaríkjanna í landinu og baktryggir um leið völd íslensku auðstéttarinnar og erlent fjármagn hérlendis." (undirstr. okkar)

Þessi talsmaður hins "óháða" auðvalds lokar augunum fyrir þeirri staðreynd, að íslenska auðvaldið hefur í áratugi ráðið landinu eitt, án erlends hers, án aðildar að hernaðarbandalögum, og var þó stéttabaráttan töluvert hatrammari en nú er. Staðreyndin er sú, að borgarastéttin er sjálfri sér næg, hvað varðar kúgunartæki, hún hefur lögregluliið og landhelgisgæsluna, einnig varalið, sem kveða má út með stuttum fyrirvara, eins og sýndi sig 1949, þegar rætt var um NATO-aðildina á Alþingi. Einnig kom þetta í ljós við heimsókn Nixons og Pompidús; þá voru kvaddar út sveitir, sem töldu nokkur hundruð manns og hlutu þjálfun í kylfusveiflum.

### "ÞJÓÐFRELSISHETJURNAR"

Þjóðrembingsáróður smáborgaralegu sósíalistanna er beinn stuðningur við borgarastéttina, þar sem hann leitast við að villa verkalýðnum sýn. Þessir íslenskustu Íslendingar beita öllum klækjum til að geta tryggt sér fáein þingsæti, blása til "þjóðfrelsisbaráttu" gegn "erlendum kúgurum" þegar hinn raunverulegi óvinur er innlend borgarastétt. Í þessu felast hin svívirðulegu svik þjóðrembingssósíalistanna - þeir eru sósíalistar í orði, en þjóðernissinnar á borði.

Undir þessa pólitík heyrir allt brölt "fullveldisstúdentanna", afstaða þeirra er afstaða "þjóðfrelsisbaráttumannanna" sem blekkja verkalýðinn til fylgis við innlent auðvald undir yfirskyni baráttu gegn "erlendu auðvaldi" og "leppum þess". Mikill er "marxismi" þeirra kappa - mikil er hetjulund þeirra að snúa bakhlutanum í baráttuna og beina geirum sínum í afleiðingarnar en ekki orsökina!
Hvaða augum líta svo þessir Don Quijotar nútímans heimsvaldastefnuna? Jú, auðvitað sem erlenda auðhringa og erlent hervald. Alltaf er þáttur innlendu borgarastéttarinnar gerður fátæklegur - hún hefur verið flekuð til fylgis við myrkraöflin. Í málflutningi "þjóðfrelsishetjanna" er innlent auðvald varla til, og ef það tórir einhverstaðar, þá er það sem umboðsaðili fyrir erlent hringaauðvald.

### "SMÁNARBLETTURINN"

"Herseta á íslenskri grund er smánarblettur, í senn á okkar ástkæra landi og þeim mönnum sem innleiddu hersetuna, vegna aðgerða þeirra í þjónkunarskyni við erlent stórveldi. Við viljum þurrka smánarblettinn af landinu og krefjast þess að herinn verði látinn hverfa á brott..."
(Úr "Keflavíkurgangan", riti á vegum samtaka hernámsandstæðinga).

Þetta er barátta smáborgaranna í hnotskurn "Þvoum smánarblettinn, herinn burt! Ísland fyrir Íslendinga alla." (Úr ræðu Magnúsar Kjartanssonar í Keflavíkurgöngunni 1960)!

Viðleitni smáborgarastéttarinnar til þess að "betrumbæta" auðvaldsþjóðfélagið og draumar þeirra um einokunarlaust auðvald koma fram í þessari "landhreinsunar og þjóðfrelsisstefnu" þeirra. Öll þeirra "barátta" gegn hernum og NATO hefur farið fram undir merkjum þjóðrembings.

### BYLTINGARSINNUÐ AFSTAÐA ÖREIGASTÉTTARINNAR

Gegn öllum kenningum smáborgaranna um "hernám" landsins og ósjálfstæði íslensku borgarastéttarinnar - gegn öllum áróðri borgarastéttarinnar um "vörn fósturjarðarinnar" stendur byltingarsinnuð afstaða öreigastéttarinnar. Kommúnistasamtökin m-l eru einu byltingarsamtökin á Íslandi og þannig þau einu sem færa fram afstöðu öreigastéttarinnar í þessu máli.

Við afneitum öllum kenningum smáborgaranna um hernám, en bendum á að það er vilji íslensku borgarastéttarinnar að berjast gegn sósíalismanum - þess vegna taka þeir þátt í NATO sem er stofnað í þeim tilgangi. Vera bandaríska hersins er framlag þeirra til þeirrar baráttu. Íslenska borgarastéttin ræður öllum undirstöðugreinum framleiðslukerfisins hér á landi, hún hefur full stjórnarfarsleg réttindi og hefur ekki afsalað sér neinum þeirra í hendur "hernámsliðsins".

Við afneitum öllum kenningum sem lúta að því að íslenska borgarastéttin sé háð bandaríska hernum til þess að geta haldið völdum. Íslenska borgarastéttin hefur ríkt í marga áratugi án þess að vera í hernaðarbandalögum, án þess að hér væri erlendur her til þess að "baktryggja" völd hennar. Í rauninni er það þannig, að kúgunartæki íslensku borgaranna er nægilega sterkt við þær aðstæður sem ríkja og hafa ríkt til þessa. Völdum borgarastéttarinnar hefur aldrei verið ógnað að neinu marki þar sem verkalýðurinn hefur ekki verið færi um að fylgja eftir því ástandi sem skapast hefur. Sem dæmi má nefna árið 1932; þá barðist verkalýðurinn í návígi við lögregluna - en sú barátta var engin úrslitabarátta þar sem verkalýðurinn treysti á svikara eins og Héðinn Valdimarsson en hélt ekki á braut byltingarinnar.

Stéttin var ekki skipulögð til baráttu undir kommúnískri forystu. Það er rangfærsla að halda því fram að íslensk borgarastétt sé veikburða - líkt og smáborgararnir halda fram í Neista; samkvæmt þeirra "útskýringum" nægir að "einangra" íslensku borgarastéttina frá erlendum stéttarbræðrum. (Sjá t.d. Neista 7. tbl. ´72). Með þessari kenningu segja þeir, að smáborgaralega baráttan fyrir útsögn úr NATO - barátta sem ekki er tengd baráttunni gegn sjálfum völdum borgarastéttarinnar, sé framsýn barátta.

Við, kommúnistar, erum þeirrar skoðunar að öll sú barátta, sem ekki beinist að markmiði öreigastéttarinnar - sósíalísku byltingunni - þjóni hlutlægt borgarastéttinni. Sú barátta vinnur ekki að því að safna verkalýðnum til áhlaups gegn völdum borgarastéttarinnar, sú barátta afvegaleiðir og þreytir verkalýðinn!

Við höldum því fram að eina leiðin til þess að berjast gegn veru Íslands í NATO sé sú, að ráðast gegn völdum íslensku borgarastéttarinnar. Baráttan gegn NATO verður að byggja á alþjóðahyggju öreiganna. Með því að búast til atlögu gegn íslensku auðvaldi, sem er einn hlekkurinn í keðju heimsvaldastefnunnar, gegnir íslenskur verkalýður alþjóðlegri skyldu sinni við verkalýð annarra landa.

Án byltingarsinnaðrar leiðsagnar verður ekki um byltingarhreyfingu að ræða. ÞESS VEGNA ER ÞAÐ EINA RÉTTA LEIÐIN TIL ÞESS AÐ BERJAST, AÐ BYGGJA UPP FRAMVÖRÐ VERKALÝÐSSTÉTTARINNAR - KOMMÚNISTAFLOKK!

Við skorum á alla sem í rauninni vilja berjast gegn innlendu og erlendu auðvaldi að ganga í námshring hjá KSML og taka þátt í uppbyggingu kommúnistaflokks. Byltingarsinnað námsstarf er alþjóðahyggja öreiganna í verki!

"Alþýðan slær í gegn". Þessi mynd er táknræn fyrir alla stefnu "hernáms"- og "herstöðvaandstæðinga" - hnefi í fánalitum íslensku borgarastéttarinnar, landið í fánalit bandarísku borgarastéttarinnar. Þjóðrembingur smáborgaranna er sérlega skýrt túlkaður í þessari mynd.
(Mynd úr 1. des. blaðinu 1973).




"Hreinsum landið", krafa stúdenta 1. des. ´72. Smáborgaraleg viðhorf þeirra krefjast þess, að íslenska auðvaldsþjóðfélagið sé hreinsað af "óhugnaði" erlends auðvalds og erlends hervalds.
(Mynd úr 1. des. blaðinu 1972).

LOPPA DOLLARAVALDSINS LÆSIR SIG UM ÍSLAND

LEYSIÐ ÍSLAND ÚR HELGREIPUM ÞESSA VALDS 28. JÚNÍ!

"Leppar" ameríska valdsins sjást hér með augum "sósíalistanna", sem svo hatrammir vilja vernda allt, sem "íslenskt" er - þeir vilja jafnvel vernda íslensku borgarastéttina frá sínum eigin "barnaskap". Kenningin: íslenska borgarastéttin er viljalaust verkfæri bandarísku auðhringanna, kemur hér skýrt fram.
(Mynd úr bæklingnum "Dollaravaldið", útg. Sósíalistaflokkurinn.)

HERINN BURT

"Sjálfstæðisbaráttu smáþjóðar lýkur aldrei." - Þetta var eitt af kjörorðum stúdenta 1. des. s.l. Nú er Jón Sigurðsson kominn í spilið, hann, sem var leiðandi í baráttu hinnar ungu borgarastéttar gegn danska nýlenduvaldinu verður að hefja aðra umferð. Hinir nýfrjálsu íslensku borgarar eru ekki fyrr lausir undan Dönum en þeir ganga sjálfviljugir undir vald "risans í vestri". "Hvað er þá orðið okkar starf í sex hundruð sumur?"
(Mynd úr Rétti nr. 2, 1973).



Keflavíkurganga undir íslenska fánanum. Tákn borgarastéttarinnar, sem hún tók upp, þegar henni tókst að sigra danska nýlenduveldið. "Hernámsandstæðingarnir" eru íslenskastir allra Íslendinga. Baráttan beinist að því að "betrumbæta" íslenska auðvaldsþjóðfélagið.
(Mynd úr Dagfara, málgagni "Herstöðvaandstæðinga").

Hernámsflokkarnir þrír

ÞAÐ SEM ÞEIR VILJA:

Ísland ofurselt amerísku hervaldi

"Vilji" íslensku borgarastéttarinnar í túlkun smáborgaralegu sósíalistanna. Borgararnir kjósa að afsala sér sjálfsákvörðunarrétti sínum í hendur bandaríska auðvaldsins. Íslensku borgararnir viljalausir fáráðlingar, sem vita ekkert betra en erlenda kúgun á þjóðinni - sannkallaðir svikarar við málstað þjóðarinnar.
Mynd úr bæklingnum "Hverjum getur þú treyst í sjálfstæðismálinu?", útg. Sósíalistaflokkurinn, ´53).

# Röng afstaða KSML til NATO

Afstaða KSML til NATO og herstöðvamálsins hefur verið röng í tveimur meginatriðum. Í upphafi tilveru samtakanna var tekin afstaða á smáborgaralegum þjóðernisgrunni - alþjóðahyggja öreiganna mótaði ekki afstöðu okkar. Þessi villa - þar sem "þjóðfrelsi" og sjálfsákvörðunarréttur voru í fyrirrúmi - er leifar af þeim hentistefnuarfi, sem KSML fékk frá smáborgaralegum "vinstri" hreyfingum hér á landi. Villan kom fram m.a. í þeirri fullyrðingu, að íslensk alþýða hafi orðið að sjá á bak sjálfsákvörðunarrétti sínum 1949.
Í Rauða Fánanum nr. 1, 1972, segir:

"Þannig varð líka um Ísland. Höfuðmóthverfan varð nú milli heimsvaldastefnunnar, sem bjóst til stríðs gegn sósíalismanum, og alþýðu landsins sem varð að sjá af sjálfsákvörðuninni vegna hagsmuna heimsvaldalandanna."

Hin villan hefur komið fram sem vanmat á kúgunarmætti íslensku borgarastéttarinnar. Það hefur villt um fyrir mörgum, að á Íslandi er ekki fastaher (þ.e. her, sem er stöðugt undir vopnum).
Þess vegna hafa skotið upp kollinum hugmyndir um "vanmátt" hérlendrar borgarastéttar til að verja hendur sínar og tryggja völd sín. Í Stéttabaráttunni 3. tbl. ´73 var þetta túlkað þannig:

"Í ákefð sinni að koma Íslandi í NATO og baktryggja þannig auðvaldið gegn harðnandi stéttabaráttu."

Í 75. grein stjórnarskrárinnar segir:

"Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt í lögum."

Hér er það skýrt, að í rauninni getur borgarastéttin, með einu pennastriki, komið á fót her. Þannig er íslenskur her, sem hefur sama hlutverk og aðrir borgaralegir herir, að verja völd borgarastéttarinnar, í rauninni fyrir hendi. Það sem skilur hann frá öðrum herjum er, að hann er ekki standandi her - að hann er ekki fastaher - ekki undir vopnum eða í herþjálfun í dag.

# SMÁBORGARALEG MYNDLIST

Einn liður í herferð smáborgaralegu sósíalistanna kringum 1. des. var að troða upp með pólitíska myndlistarsýningu hjá SÚM. Og sú sýning var vissulega pólitísk, en pólitíkin, sem þar var færð fram á ekkert skylt við byltingarsinnaðan málstað verkalýðsins og baráttu hans. Þar veður þjóðrembingurinn uppi og kallað er á verkalýðinn til stéttasamvinnu við auðvaldið vegna þess að þjóðin öll eigi í baráttu við sameiginlegan óvin - NATO/USA.

"Hinir virðulegu háskólaborgarar, er standa að sýningunni" (Mbl. 15.12.), urðu heldur en ekki ruglaðir og taugaveiklaðir, þegar einn listamaðurinn, sem átti myndir á sýningunni, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, félagi í KSML, krafðist þess að myndir sínar yrðu teknar niður, eftir að ljóst var hvers eðlis sýningin var og gagnbyltingarsinnað markmið hennar. Brugðust þeir hart við og reyndu ýmist með fortölum og lygum að fá Guðmund ofan af þessari ætlun sinni, en árangurslaust.

Ástæðan fyrir því, að þessu smáborgarahyski, sem treður upp með þjóðrembingsmyndlist sína í SÚM, er svo í mun að klófesta og hengja upp myndir kommúnísks listamanns, er einfaldlega sú, að þeir verða undir fölsku yfirskyni að pretta þjóðernispólitík sinni inn á verkalýðinn. Þetta er sú aðferð, sem smáborgarar allra tegunda nota til að reyna að dylja rotna pólitík sína. Þeir reyna á kostnað byltingaraflanna og í nafni þeirra að breiða út þá kenningu, að:

"Sú vísa er aldrei of oft kveðin, að sjálfstæðisbaráttu smáþjóðar lýkur aldrei."
(Þjóðviljinn 1. des. ´73, undirstr. okkar).

Með þessari pólitík sinni básúna þeir út sameiningu verkalýðsstéttarinnar með borgarastéttinni á þjóðernislegum grundvelli, þeim sama grundvelli og var leiðarljós Þýskalands Hitlers, Ítalíu Mussolinis og Bandaríkja Nixons.

Þessi þjóðrembingspólitík gengur öll út á það, að skipuleggja hluta verkalýðsins fyrir markmið borgarastéttarinnar gegn verkalýðsstéttinni og efla alræði borgarastéttarinnar um "aldur og ævi".

Félagar úr KSML taka niður verk Guðmundar Ármanns af sýningu SÚM.

Gagnbyltingarsinnarnir þegja yfir því:

- að sjálfstæðisbaráttu Íslands sem kúgaðrar þjóðar lauk 1. des. 1918. Þá fékk íslenska borgarastéttin sjálfsákvörðunarrétt sinn til að kúga og arðræna verkalýð Íslands.
- að fyrir dyrum er skipulagning verkalýðsstéttarinnar fyrir frelsis- og sjálfstæðisbaráttu sinni gegn gjörvöllum kapítalismanum.
- að verkalýðsstéttin getur aðeins orðið frjáls með því að vinna sigur á borgarastéttinni með sósíalískri byltingu og stofnsetja alræði öreiganna.

### Listin er stéttbundin.

"Í heimi nútímans tilheyrir öll menning, allar bókmenntir og listir ákveðnum stéttum og er samtvinnuð ákveðnum, pólitískum sjónarmiðum. Það er í raun og veru ekkert til, sem heitir listin listarinnar vegna, list, sem stendur ofar stéttum - eða list, sem er laus frá og óháð pólitíkinni."
(Mao Tsetung, Ræða um bókmenntir og listir í Yenan, 1942).

Í bréfi til forráðamanna sýningarinnar í SÚM gerir Guðmundur grein fyrir þeim ástæðum, að hann tekur ekki þátt í sýningunni, hann segir m.a.:

"Sú pólitík sem fullkomlega er ráðandi á sýningunni er ekki pólitík, sem túlkar hagsmuni verka-

FRAMHALD AF FORSÍÐU:

# „OLÍUSKORTURINN"

kreppuna, hefur auðvaldið í æ meira mæli gripið til þess eina ráðs, sem það hefur, að velta henni yfir á herðar verkalýðsins. Þannig hafa raunlaun verkalýðsins í öllum löndum heimsins lækkað til muna undanfarin ár, samtímis því, sem vöruverð hefur stigið upp úr öllu valdi. Verksmiðjur eru víða erlendis reknar hálfa vikuna eða lokað að fullu. Á sviði alþjóðaverslunar hefur gjaldeyriskreppan þegar dýpkað verulega og verslunarhöft og einokunartollar hafa tekið við af hinni frjálsu verslun eftirstríðsáranna. Hérlendis heyrast þær raddir æ oftar að nú verði að koma í veg fyrir kauphækkun verkalýðsins til að atvinnuvegirnir geti borið sig, útgerðarmenn gráta yfir skertum gróðamöguleikum og iðnaðurinn rambar á barmi erfiðleikanna. Borgaralegir hagfræðingar og smáborgaralegir umbótasinnar, sem reynt hafa að útskýra þessa örðugleika auðvaldsins, grípa æ oftar til röksemdafærslu, sem er ætlað að dylja þær innri mótsetningar auðvaldsframleiðslunnar, sem orsakað hafa kreppuna, nefnilega orkukreppurnar. Þeir taka undir með olíuauðhringjunum og fullvissa verkamenn um að olíuskortur sé yfirvofandi, um leið og þeir áminna verkalýðinn í föðurlegum tón um að sýna skilning á þessu sameiginlega vandamáli alls þjóðfélagsins og alls heimsins. Verkamenn eiga að hætta kaupkröfum sínum, hætta að kynda hús sín, taka atvinnuleysi eða hálfri vinnu með þögn og skilningi, allt til að þjóðarbúskapurinn beri sig. Þjóðarbúskapurinn er hagsmunir auðvaldsins og ekki verkalýðsins. Þess vegna hefur sósíalfasisminn í verkalýðshreyfingum Evrópu og víðar fengið það hlutverk æ meir, að sannfæra verkamenn um að kaupgjaldsbarátta þeirra gegn auðvaldinu sé óæskileg og stefni atvinnuvegunum í voða, verkamenn valdi eigin atvinnuleysi með því að krefjast hærri launa. Eitt af þeim vopnum, sem sósíalfasistarnir grípa til er lygasaga um olíuskortinn, lygasaga sem er ætlað að gera Arabaríkin ábyrg fyrir óleysanlegum móthverfum auðvaldskerfisins, sem ber með sér kreppur, atvinnuleysi og styrjaldir.

### Er olíukreppan til? - Eða er hún lygasaga auðvaldsins?

Hvað segja raunsæir talsmenn borgarastéttarinnar um þessi mál? Óttast þeir heimsendi af völdum olíuskorts? Síður en svo. Í bandaríska auðvaldsritinu US News&World Report segir, að næg olía sé í USA sjálfu sem myndi geta fullnægt orkuþörf USA næstu 60 árin miðað við sömu breidd framleiðslunnar, ef hún væri nýtt. Efnahagssérfræðingur tímaritsins Wall Street Journal fullyrðir, að hægt yrði að nýta þessar olíulindir, ef og aðeins ef verðið á olíu myndi hækka sem svarar 40%. En svo lengi sem möguleikarnir fyrir að fá ódýrari olíu frá Arabaríkjunum eða Venesuela eru fyrir hendi, hvarflar ekki að olíuhringjunum að hefja nýtingu á þessum auðlindum.
Hins vegar er verðhækkun á olíu án þess að vinnslukostnaður hennar hækki, það sem heimsvaldasinnarnir álíta ákjósanlegast. Þess vegna hafa "18 risafyrirtæki hreinlega komið af stað sögusögnum um að olíuskortur sé yfirvofandi, eingöngu í þeim tilgangi að auka gróða sinn", að því er bandaríska tímaritið Christian Science Monitor segir í leiðaragrein. Þess vegna hafa USA nú þegar hafið undirbúning styrjaldar gegn olíuríkjunum í V-Asíu, þar sem hagkvæmara er fyrir olíuhringana að tryggja afnot sín af olíulindum þessara landa með vopnavaldi, en að greiða mikinn stofnkostnað til að koma á fót sambærilegri olíuvinnslu í USA sjálfum. USA hefur þegar látið úrvalssveitir sínar hefja þjálfun í eyðimerkurhernaði í stað frumskógahernaðar eins og beitt var í Víetnam.

Gróusagan um olíuskortinn sem yfirvofandi sé og leiða muni af sér hrun hinna vestrænu velferðarríkja, er búin til í þeim eina tilgangi að réttlæta verðhækkun á olíu til að auka enn frekar gróða olíuauðhringanna.

### Olíuskömmtun Araba - framvís aðgerð.

Burtséð frá afturhaldssömum tilgangi stjórna Arabaríkjanna þjónar olíuskömmtun þeirra óneitanlega framsínum tilgangi. Annars vegar eru þeir að slá skjaldborg um þjóðlegan rétt sinn til að nýta að eigin vild auðlindir sínar og hins vegar þjóna þeir, hlutlægt séð, byltingaröflum heims-

FRAMHALD AF FORSÍÐU

# ÍSAL...

varnarlaus. Allt hjálpast að: eigendur ÍSALS, verkalýðsforystan og ríkisvaldið, sem er aðili að Álverksmiðjunni.

### Aðaltrúnaðarmaðurinn afhjúpar svik sín við verkamennina.

Hérna í Straumsvík hafa verkamennirnir kosið Örn Friðriksson sem aðaltrúnaðarmann. Í tillögum að breytingum á kjarasamningi við ÍSAL, sem samdar eru af trúnaðarmönnum og aðaltrúnaðarmanni er ein af kröfunum þessi:

"Aðaltrúnaðarmaður hefur ekki vinnuskyldu við önnur störf, en þau sem snúa að málefnum verkafólks á staðnum."

Kempan úr Sósíalistafélagi Reykjavíkur, Örn Friðriksson, fer þarna fram á að vera alla daga á skrifstofunni, sem ÍSAL hefur látið honum í té. Þessi "róttæki" umbótasinni hyggst nú klifra uppí verkalýðsaðalinn, hvar hann getur dyggilega þjónað auðvaldsherrunum í því að svíkja og blekkja verkamennina. Þar með hefur þessi gervisósíalisti afhjúpað sig gjörsamlega og sest til borðs með hinum stéttsvikurunum.

### Ólöglegt verkfall: eina leiðin til varnar.

Verkamenn í Straumsvík! Eina leiðin fyrir okkur er að við skipuleggjum okkur sjálfstætt, án þátttöku endurbótasinnana í verkalýðsfélögunum, því þeir munu svíkja okkur! Við verðum að treysta á eigin krafta í baráttunni gegn kauplækkunum og ofsóknum atvinnurekendanna! Eina vopnið til að verjast þessum kjaraskerðingum er verkfallsbarátta, þrátt fyrir að slíkt verkfall sé ólöglegt. Jafnframt verðum við ávallt að hafa hugfast, að kjarabætur verða aldrei varanlegar í þessu þjóðfélagi. Okkur er nauðsynlegt að skipuleggjast í pólitísku baráttunni með því að mynda byltingarsinnaðan verkalýðsflokk - kommúnistaflokk - sem fær verði um að hafa á hendi leiðsögn í stéttabaráttu verkalýðsins á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Hundsum kratabroddana í verkalýðsfélögunum! Tökum málin í eigin hendur! Ólöglegt verkfall er eina leiðin!

KSMLfélagar í Straumsvík.

# JÁRNIÐNNEMAFÉLAGIÐ BERST GEGN FULLUM VERKFALLS- OG SAMNINGSRÉTTI

Járniðnnemafélagið, stærsta nemafélagið í I.N.S.Í., hefur nú algjörlega afhjúpað sig sem gagnbyltingarsinnað vígi sósíaldemókratismans, virki stéttasamvinnunnar, löghlýðninnar, borgaralega lýðræðisins og þingræðisins innan raða járniðnaðarnema. Félagið, sem ekkert hefur starfað á undanförnum nema að skipuleggja fylleríssamkundur, diskótek og pokahlaup, og var raunverulega ekki til á síðasta ári nema á pappírnum, hefur nú verið endurreist af kratabroddunum í I.N.S.Í. fyrir raunverulegt hlutverk sitt: að kæfa niður alla sjálfstæða baráttu járniðnnema.

Járniðnnemafélaginu, eins og öllum öðrum sósíaldemókratískum verkalýðsfélögum, stendur hætta af því, að frumkvæðið í kjarabaráttunni falli í hendur kommúnista. Félagar í KSML innan járniðnaðarins hafa undanfarið haldið því fram, að iðnnemar fái þá og því aðeins verkfalls- og samningsrétt að þeir taki sér hann í ólöglegu verkfalli.

Þessi lína KSML hefur þegar unnið vissan hljómgrunn, helst í Héðni og Stálsmiðjunni, sem kom fram í vali á bráðabirgðaundirbúningsverkfallsnefnd fyrir kröfurnar: Engin laun undir 260 kr./klst!, Væntum einskis af hinum endurbótasinnuðu forystumönnum - þeir munu svíkja okkur!, Full verkfalls- og samningsréttindi til handa iðnnemum!, Tökum málin í eigin hendur - enginn semur fyrir okkur nema við sjálfir!, Barátta okkar er stétt gegn stétt!, Engar ofsóknir á hendur verkfallsmönnum eða verkfallsforystunni!

Stofnun þessarar bráðabirgðaundirbúningsverkfallsnefndar varð bein orsök stofnunar undirbúningsverkfallsnefndar af hálfu Járniðnnemafélagsins, sem stofnaði sína nefnd í þeim eina tilgangi að vinna skemmdarstarfsemi á starfi hinnar nefndarinnar og þeirri sjálfsprottnu hreyfingu, sem hún var leiðandi fyrir. Það kemur fram í eftirfarandi staðreyndum:

● Undirbúningsverkfallsnefnd Járniðnnemafélagsins samþykkti í orði sömu baráttuaðferðir og bráðabirgðaundirbúningsverkfallsnefndin hafði. Hún boðaði sameiginlegan fund nefndanna til að "samræma" baráttugrundvöllinn. Á þeim fundi koma fram 2 línur; önnur fyrir leið stéttabaráttunnar, hin fyrir leið "þrýstingsaðgerða" á INSÍ. Ekki er gert út um línurnar á þessum fundi og nýr fundur boðaður.

● Þremur mönnum var falið að undirbúa næsta sameiginlega fund nefndanna til að þróa pólitísku umræðurnar áfram. Einn þeirra, Óskar Ármannsson, hafði ábyrgð á því að kalla hina saman til að leggja upp tillögu að fundardagskrá sameiginlega fundsins og koma á samböndum í vélsmiðjunum, sem hann framkvæmdi aldrei (!)

Og hér verða KSML á mistök. Þegar einum félaga KSML tókst ekki að ná sambandi við Óskar, þrátt fyrir ítrekaðar hringingar á vinnustað hans og sýnt var, að Óskar sveikst undan öllum merkjum, þá hefði félaginn átt að senda út skriflega gagnrýni á Óskar ásamt fundarboði og dagskrártillögu til allra meðlima nefndanna tveggja. En gagnrýnin dregst og kemur fyrst fram á fundi í félagi Járniðnnema.

● Á aðalfundi Járniðnnemafélagsins ber Óskar því við, að þar sem hann sé nú orðinn formaður félagsins (!) þá hafi hann nú ekki lengur tíma til að standa í baráttu fyrir járniðnaðarnema. Gagnvart gagnrýni kommúnistanna sagði hann fyrst, að hann hefði ekki vitað um það verkefni, sem hann tók að sér, þ.e. að boða til fundarins, síðan sagði hann, að hann hefði ekki haft tíma til þess, þar sem hann hefði verið að undirbúa aðalfundinn (!)

● Á aðalfundinum eiga sæti tveir af sósíalfasistum I.N.S.Í., Rúnar "Afturá" Bakkman og Þorbjörn Guðmundsson, núverandi formaður INSÍ. Þeir hafa lagt upp taktík fundarins og klykkja út með hótunum: "Þið verðið bara gerðir upptækir (!), ef þið farið í ólöglegt verkfall. Atvinnurekendur fara í mál við ykkur og eigur ykkar verða gerðar upptækar, ef þið farið í ólöglegt verkfall." Frá þeim kemur tillagan um að leggja niður undirbúningsverkfallsnefnd Járniðnnemafélagsins. Í staðinn er ákveðið að stofna nefnd, sem kanni leiðir járniðnaðarnema á lagalegum grundvelli (!!!)

Niðurstöður:
Járniðnnemafélagið hefur algjörlega afhjúpað sig: Það stofnaði undirbúnings-"verkfalls"nefnd til höfuðs "verkfalls"nefnd með frösum um baráttu fyrir fullum verkfalls -og samningsréttindum en raunverulegt markmið hennar var: að ná frumkvæðinu úr höndum kommúnistanna og færa hreyfinguna frá leið stéttabaráttunnar yfir á leið stéttasamvinnunnar.

gs

# LITLI LJÓTI ANDARUNGINN SEM VILDI VERÐA SVANUR

Það er ekki ýkja langt síðan Fylkingarmenn hnussuðu fyrirlitlega, þegar þeir heyrðu minnst á kommúnistaflokk og fræðikenningu marxismans-lenínismans. En nú er annað hljóð í strokknum. Innvígðir fræðispekingar Fylkingarinnar tala nú fjálglega um kommúnistaflokk, sem "pólitískt og fræðilegt vopn öreigastéttarinnar" og "marx-lenínismann" sem grundvallaratriði fyrir stofnun slíks flokks.

Almennt séð er þetta auðvitað hárrétt, en Fylkingarmenn ættu að íhuga, að mennirnir verða aldrei dæmdir eftir orðum sínum og hátíðlegum yfirlýsingum, heldur eftir gerðum sínum. Hversu mjög, sem Gestur Ólafsson rómar hinn kommúníska flokk, pólitík hans, starfshætti, skipulag og aga, breytir það engu um smáborgaralega pólitík, skipulag, starfshætti og agaleysi Fylkingarinnar.

Í fræðilegu riti Fylkingarinnar "Kommúnistanum", skrifar hann langa grein um flokkinn. Auðsjáanlega án þess að verða nokkurn tíma hugsað til núverandi skipulags Fylkingarinnar og pólitíkurinnar sem hún rekur. Milli orða og gerða er dýpri gjá en svo, að hún verði brúuð með geysilega "byltingarsinnuðum" heitstrengingum um stefnu Fylkingarinnar og markmið.

Skoðum nokkur dæmi um vélræna upptuggu hinnar almennu fræðikenningar lenínismans um flokksbygginguna samfara ömurlegum vanmætti til að tengja hana hlutrænum skilyrðum á Íslandi í dag og starfi Fylkingarinnar, eins og þau birtast í áðurnefndri grein G.Ó.

Meðferð rangra hugmynda.

1, dæmi: "Andstæðurnar innan flokksins eru ekki bældar niður, heldur leyst úr þeim með umræðu og gagnrýni."

Hárrétt, þetta eru einkenni raunverulegra flokkssamtaka af lenínískri gerð, en meinið er bara að þetta á engan veginn við Fylkinguna. Þvert á móti hefur Fylkingin valið að bæla niður umræður innan sinna vébanda af ótta við að hún klofnaði. Nærtækt dæmi er afstaða (eða öllu heldur afstöðuleysi.) Fylkingarinnar til deilanna innan heimshreyfingar kommúnista. Fylkingin hefur ekki tekið neina afstöðu, af ótta við að endurskoðunarsinnaðir fylgjendur sósíalfasismans yfirgefi hana. Er það ekki augljóst að ef um umræðu og gagnrýni væri að ræða innan Fylkingarinnar, myndu allrahanda anarkistar, kúbusinnar, "vinstri"-sprengjumenn og rómantíkusar, syndikalistar, misskildir stalínistar, trotskyistar og hver veit hvað kann að leynast frekar í þessari pólitísku almannagjá, ekki fá að vera innan hennar? Ég held að það sé augljóst.

Mistök Fylkingarfélaganna.

2. dæmi: "Flokkurinn jafnt sem einstakir flokksfélagar geta gert mistök, skjátlast í einstaka málum eða beitt röngum starfsstíl. Öll slík mistök verður að ræða og gagnrýna, til þess að læra af þeim og forðast að gera sömu skekkjuna aftur."

Ef að Fylkingin ætlar sér að gera upp við öll fyrri mistök, og leiðrétta þau í samræmi við kenningar marxismans-lenínismans, er eins gott að leggja hana alveg niður. Gervöll pólitísk lína samtakanna einkennist af frávikum frá marxismanum-lenínismanum og af smáborgaralegri hentistefnu, starfsstíllinn og aginn er brennimerktur vingulshætti og tvínóni menntamannsins og skipulagið er fullkomlega sjálfsprottið og ræðst af sviptivindum stéttabaráttunnar hverju sinni. Eða ætlar Fylkingin að ræða gagnrýnið 35 ára smánarsögu sína, sem full er af þjónkun við auðvaldið, eiturlyfja- og drykkjusamkundum og pólitískum heimskupörum, með það fyrir augum að stimpla hana síðan "baráttusögu"? Sú skekkja sem Fylkingarfélagar hafa gert er aðallega að hafa gengið í Fylkinguna.

Gestur Ólafsson lýsir pólitík Fylkingarinnar betur en flestir gera, þegar hann segir: "Hægri-hentistefnan felst í undanslætti við ýmsar borgaralegar hugmyndir, afneitun á byltingunni og alræði öreiganna..." Jafnvel þó að Fylkingin afneiti ekki alræði öreiganna í orði um þessar mundir (af því að það er hentugt.), afneitar hún því í verki, með því að færa fram pólitík, sem í einu og öllu er halaklepri hinnar borgaralegu pólitíkur Alþýðubandalagsins. Það er greinilega ekki nóg, að lýsa yfir hinum frægu orðum Engels: "Fræðikenningin er ekki kredda, heldur leiðbeining til athafna", í eigin nafni, til þess að verða kommúnisti, þó svo að G.Ó. geri það. Að líta á fræðikenninguna sem kreddu, felst einmitt í því, sem Fylkingin gerir, að hafa hana yfir í orði, en afneita henni í verki, með því að reka smáborgaralega pólitík. Þannig eru líka háfræðilegar og vandlætingasamar lýsingar G.Ó. á hentistefnunni og því hvernig kommúnistaflokkur eigi ekki að vera, eins og þær séu miðaðar við Fylkinguna í dag.

kg

frh. af forsíðu

# KJARASKERÐING ...

félagsins er að kaupa enn fleiri og fullkomnari framleiðslutæki (skuttogararnir). Við þetta minnkar gildi fisksins (það þarf færri menn til að framleiða jafn mikið af vörunni - fiskinum). En þetta er óleysanleg móthverfa í auðvaldsþjóðfélaginu. Í fyrsta lagi festa kapítalistarnir enn meira í föstu auðmagni, í öðru lagi stefnir alltaf örar og örar í átt til offramleiðslukreppunnar (skuttogararnir framleiða margfalt meiri fisk en gömlu síðutogararnir). Kapítalistana er þegar farið að skorta rekstursfé fyrir alla þessa skuttogara (þ.e. fé til að kaupa vinnuafl, hráefni, olíu o.fl.), sem stafar eingöngu af því að þeim tekst ekki að selja allan fiskinn. Markaðurinn er ekki óþrjótandi.

Því má ekki gleyma, að í kapítalísku þjóðfélagi ríkir samkeppni á milli hinna einstöku auðhringa. Þannig neyddu þeir erlendu útgerðarauðhringir, sem hafa samkeppni við þá íslensku um heimsmarkaðinn, þá síðarnefndu til að kaupa skuttogara (Bretar, Bandaríkjamenn, Norðmenn og Japanir höfðu allir komið sér upp skuttogaraflota á undan íslenska auðvaldinu). Þetta, sem í raun og veru er forveri kreppunnar, hefur um tíma skapað atvinnu.

Stéttasamvinnuáróðurinn aukinn.

Íslenska auðvaldið kemst alls ekki hjá því að lenda í hinum hrikalega hringdansi auðvaldsheimsins, offramleiðslukreppunni, hversu fegið sem það vill. Og þá munu arðræningjar á Íslandi segja upp fjölda verkamanna, stytta vinnuvikuna og síðan leggja togurunum og loka verksmiðjunum (nú þegar eru nokkrir togarar komnir á sölulista), en ætíð reyna þeir að láta verkalýðinn axla byrðar kreppanna. Þannig hefur borgarapressan, og þó einkum Þjóðviljinn, strax hafið stórfelldan stéttasamvinnuáróður. Þjóðviljinn segir í ritstjórnargrein þ. 9.12. ´73:

"En þegar á reynir sést, hvað í einni þjóð býr. Nú er komið að því, að við verðum að axla byrðar, jafnvel þyngri en nokkru sinni á eftirstríðstímanum. Nú kemur í ljós, hvort Íslendingar reynast menn til að standa á eigin fótum." (Undirstr. ÞG).

Stéttasamvinna Alþýðubandalagsins kemur sífellt skýrar og skýrar í ljós.

Lygar auðvaldsins um olíukreppuna.

"Við söfnum ekki meðal annarra til að bæta okkur olíutjónið, við verðum að gjalda olíuskattinn sjálfir og hjálparlaust því að allar viðskiptaþjóðir okkar eru jafnvel verr á vegi staddar en við Íslendingar." (Þjóðviljinn 8.12. ´73, undirstr. ÞG).

Á þennan hátt hljóða lygar borgaranna um offramleiðslukreppuna. Sú skýring að tímabundin stöðvun Arabaríkjanna á olíu til sumra auðvaldslanda sé höfuðorsök kreppunnar í dag er hreinasta fjarstæða. Ástæðan fyrir kreppunni er offramleiðsla eins og sýnt var fram á hér að framan. Offramleiðslukreppan var löngu byrjuð áður en olíubannið kom til í löndum eins og t.d. Bandaríkjunum, Bretlandi og Ítalíu. Auðvaldið notar olíubannið sem tylliástæðu til að loka verksmiðjunum.

Vissulega kemur olíubannið sér illa fyrir hluta auðvaldsheimsins, en það er alls ekki ástæða kreppunnar, í mesta lagi ýtir aðeins á hana.
Sem sagt borgararnir hafa sett áróðursmáskínuna á fullt til að reyna að blekkja verkalýðinn um raunverulega orsök þeirrar kreppu, sem í æ ríkari mæli herðir að auðvaldsþjóðfélaginu og bitnar vitaskuld fyrst og fremst á öreigunum. Samfara aukinni kreppu er kúgunin aukin og áður en gripið er til þess ráðs að loka verksmiðjunum eru kjör verkalýðsins þrengd eins mikið og mögulegt er. Auðvaldið hefur til þess ótal leiðir, gengisfellingar, vísitölufals, vöruhækkanir og síðan beinar launalækkanir. Fyrir þessi áform er það mjög hagstætt fyrir auðvaldið að hafa foringja verkalýðsfélaganna undir sinni stjórn.
Þannig er það einmitt á Íslandi.

Samningar ASÍ og VSÍ verða óhjákvæmileg kjaraskerðing.

Eins og sagt var hér fyrst í greininni er nauðsynlegt að meta útkomu yfirstandandi samninga ASÍ og VSÍ með hliðsjón af ört vaxandi offramleiðslukreppu í heiminum. Þjóðviljinn, höfuðmálgagn stéttsvikaranna í ASÍ, hefur gefið þeim upp línuna: "Nú er komið að því að við verðum að axla byrðar, jafnvel þyngri en nokkru sinni á eftirstríðstímanum."
Sem sagt, nú eigum við verkamenn að axla byrðirnar af kreppu auðvaldsins, og það er einmitt það sem á að gerast, kaupmáttur launa hefur stórminnkað frá því ´71, og jafnvel þótt almenn verkamannalaun hækki upp í 35.000 kr. á mánuði, hefur kjaraskerðingin orðið gífurleg. Það má jafnvel reikna með því að kjaraskerðingin á sjálfu samningstímabilinu verði meiri en sú "kauphækkun", sem verður þegar samningstímanum er lokið eftir áramótin.
Það er mikilsvert að gera sér grein fyrir að við lítum ekki á VSÍ og ASÍ sem tvö andstæð öfl, þvert á móti er ASÍ kúgunartæki auðvaldsins innan raða verkalýðsstéttarinnar. Þar af leiðandi eru samningarnir ekkert annað en sýndarmennska.

VERKAMENN, eini valkostur okkar er pólitísk skipulagning á grundvelli stéttabaráttunnar og í baráttunni fyrir afnámi þess þjóðfélags, sem ekkert hefur upp á annað að bjóða en kúgun og arðrán, kreppur og stríð.

FÉLAGAR, gangið í KSML, einu byltingarsinnuðu samtökin á Íslandi, og takið þátt í baráttunni fyrir uppbyggingu kommúnistaflokks, sem fær verður um að leiða sósíalísku byltinguna.

Þ.G.

RAUÐI FÁNINN

1-2 tbl. Rauða Fánans fræðilegs málgagns KSML er komið út.
LESIÐ RAUÐA FÁNANN!
Þar er fjallað um fyrstu niðurstöður af rannsóknum á hagfræðilegum grundvelli íslenska auðvaldsþjóðfélagsins, um stéttagreininguna, heimsvaldastefnuna og hentistefnuna o.fl. Verð kr. 100.oo

## Lesið bæklinga KSML

REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI.
(Ályktun Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga frá 1929 um baráttuaðferðir í verkföllum). Kr. 50.-

UM VERKFÖLL. (eftir Lenín)
(Stutt, greinargóð skilgreining, sem tekur fyrir almenn atriði um eðli og orsakir verkfalla).
Kr. 50.-

DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJAN (eftir Stalín)
(2. námsfundur í námshring KSML með formála og eftirmála KSML)
Kr. 100.00

UM FLOKKINN
(8. námsfundur í námshring KSML með formála KSML) Kr. 100.00

Reitur til áskriftarmerkingar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT! LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!

## Stéttabaráttan

Eins og áskrifendur Stéttabaráttunnar þekkja eflaust af eigin reynslu þá hafa vörur og þjónusta stórhækkað á síðastliðnu ári.
Útgáfukostnaður blaðsins hefur aukist um 40% án þess að lausasöluverð og áskriftagjöld hafi hækkað. Þetta hefur leitt til þess, að fjárhagurinn hefur versnað til mikilla muna, þrátt fyrir aukinn fjölda áskrifenda.
Niðurstaðan af þessu verður auðvitað hækkun á lausasöluverði og áskriftagjaldi.

Framvegis verður lausasöluverð kr. 40 á 8 síðna blað og 30 kr. á 4 síðna blað. Áskriftagjöldin hækka af ofangreindri ástæðu - en einnig er um hækkun að ræða sökum aukinnar útgáfutíðni, þ.e. 12 blöð á ári í stað 8.
Áskriftagjöldin verða því sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Venjuleg áskrift | 400.oo |
| Stuðningsáskrift | 600.oo |
| Baráttuáskrift | 800.oo |

Ennfremur verður tekin upp sú nýbreytni að bjóða hálfsársáskrift að Stéttabaráttunni:

| | |
|---|---|
| Venjuleg áskrift | 250.oo |
| Stuðningsáskrift | 350.oo |
| Baráttuáskrift | 500.oo |

Skrifið til KSML, Pósthólf 1357, Reykjavík.

★

Stéttabaráttan er 4 síður að þessu sinni, þótt blaðið hafi átt að vera 8 síður samkvæmt útgáfuáætluninni, sem á sér orsök í miklum önnum ritnefndar við undirbúning 1. ráðstefnu KSML (haldin 27.-30. des.) og næsta eintaks Rauða Fánans.

★

Það hefur borið á því, að áskrifendum hefur ekki borist blaðið. Við vitum dæmi þess, að blöð, sem við höfum póstlagt, hafa ekki komist til skila.

Um orsakirnar vitum við ekki enn, en til þess að komast til botns í málinu skorum við á alla áskrifendur, sem ekki hafa fengið eitthvað af eintökum þessa árs, að tilkynna okkur það hið fyrsta.

Áskriftir fyrir árið 1974 munum við rukka inn í Janúar og Febrúar. Áskrifendur, sem eru búsettir utanlands eða út á landi, verða rukkaðir með póstkröfu í Febrúar ´74 (með 2. tbl.).

# Hafið samband við KSML

AKUREYRI: Hafið samband við fulltrúa KSML: Guðmund Ármann Sigurjónsson, Brekkugötu 29, P. Box 115.

NESKAUPSTAÐUR: Umboðssali fyrir útgáfuefni KSML: Verslunin Vík, Hafnarbraut, Neskaupstað.

REYKJAVÍK: KSML Skólastræti 3b, eða P. Box 1357.
Í Reykjavík hafa KSML opnað vísi að bókabúð í Skólastræti 3b.
Þar er hægt að kaupa allt útgáfuefni samtakanna, einnig er þar fulltrúi fyrir samtökin til viðtals.
Opið á:

| | |
|---|---|
| þriðjudögum | kl. 17-20. |
| föstudögum | kl. 15-20. |
| laugardögum | kl. 10-12 og 14-17. |

